FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

275. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 22. NÓVEMBER 2017




Formenn VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem nú ræða saman um myndun ríkisstjórnar, funduðu með fulltrúum Öryrkjabandalags Íslands og Félags eldri borgara. „Mér fannst þessi fundur mjög jákvæður og mér finnst mjög jákvætt að þau skyldu kalla okkur að borðinu,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ. Þuríður segir samtökin hafa lagt áherslu á velferð, mannréttindi og mannúð á fundinum og helst hafa rætt um kjör öryrkja og notendastýrða persónulega aðstoð. Flokkarnir halda viðræðum áfram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# US kostar Arion 200 milljónir á mánuði

**Milljarða króna fjárfestingu þarf til að að fullklára verksmiðju United Silicon. Óstarfhæft kísilverið hefur kostað Arion banka um 200 milljónir króna í hverjum mánuði frá því greiðslustöðvun hófst í ágúst og framleiðslan stöðvaðist. Ekki útilokað að félagið fari í þrot.**

**VIÐSKIPTI** Kostnaður vegna rekstrurs United Silicon hefur að jafnaði numið í kringum 200 milljónir króna í hvern mánuð frá því kísilverksmiðjan fékk heimild til greiðslustöðvunar um miðjan ágúst.

Það er Arion banki, stærsti hluthafi félagsins, sem ábyrgist rekstur verksmiðjunnar í greiðslustöðvuninni og stendur því undir öllum kostnaði. Munar mest um greiðslur vegna launa- og raforkukostnaðar en einnig hefur bankinn lagt til umtalsverða fjármuni vegna greiningarvinnu og tæknilegrar úttektar í tengslum við fjárhagslega óreiðu og rekstrarerfiðleika fyrirtækisins.

Slökkt hefur verið á ofni verksmiðjunnar og framleiðsla legið niðri frá því í lok ágúst er Umhverfisstofnun stöðvaði starfsemina.

Heildarkostnaður Arion banka vegna reksturs United Silicon á greiðslustöðvunartímanum, sem rennur út 4. desember næstkomandi, mun því samtals nema yfir 600 milljónum króna. Gert er ráð fyrir því að það taki einhverja mánuði að koma verksmiðjunni í þannig stand að hægt verði að hefja þar framleiðslu á kísilmálmi.

Bankinn hefur sagt að það þurfi að leggja til „verulega fjármuni“ til að fullklára verksmiðjuna. Samkvæmt heimildum Markaðarins hleypur sú upphæð á milljörðum króna. Ekki er útilokað að United Silicon verði sett í þrot í byrjun næsta mánaðar þegar greiðslustöðvunartímabili félagsins lýkur.

Arion banki hefur fært niður eign sína í United Silicon og skuldir félagsins við bankann fyrir samtals 4,8 milljarða á árinu.

**– hae / sjá Markaðinn**

## Fósturbörn hluti af kennsluefni

**LÍFIÐ** „Ég hef aldrei fengið eins sterk viðbrögð við neinum þætti,“ segir Sindri Sindrason, stjórnandi þáttanna Fósturbörn á Stöð.

Þættir Sindra gefa innsýn í fósturkerfið á Íslandi og hann tekst bráðum á við nýtt hlutverk sem gestakennari þar sem félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands hefur óskað eftir því að þættirnir verði hluti af kennsluefni á næstu önn.



„Mér finnst það vera mikill heiður að Háskóli Íslands vilji nota efnið,“ segir Sindri sem hefur unnið að þáttunum í rúmt ár ásamt Fannari Scheving Edwardssyni klippara.

**– gha / síða 24**

## Telja sig vita um vændiskúnnana

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan telur sig vita um nokkra kaupendur í máli þar sem grunur leikur á að par hafi staðið í umfangsmikilli vændisstarfsemi. Þetta staðfesti Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn í viðtali við fréttastofu í gær.

Lögreglan handtók fólkið, karl og konu, um hádegisbil í gær. Þau eru á fertugs- og fimmtugsaldri. Annað þeirra er Íslendingur.

Rannsókn málsins hefur staðið í þrjár vikur. Um fyrsta mál þessarar tegundar hérlendis er að ræða frá 2009 er Catalina Nocogo var ákærð.

„Við töluðum jafnframt við og buðum þremur ungum konum úrræði, okkur grunar að þær hafi verið seldar í vændi,“ sagði Grímur. Konurnar þrjár eru allar erlendar.

**– ngy**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Verið ekki drullusokkar, skrifar Kári Stefánsson í opnu bréfi til stjórnmálamanna. 11

**SPORT** Haukur Þrastarson hefur komið eins og stormsveipur inn í lið Selfoss í vetur og spilað vel á báðum endum vallarins. 12

**MENNING** Ný lög við ljóð Kiljans og Dylans í Norræna húsinu í kvöld. 18

**LÍFIÐ** Hljómsveitin Sykur er komin aftur fram á sjónarsviðið. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Allhvöss norðanátt, en stormur á Suðausturlandi síðdegis. Snjókoma eða él um landið norðan- og austanvert en þurrt annars staðar. Hiti í kringum frostmark við ströndina en frost 0 til 5 stig inn til landsins.

SJÁ SÍÐU 16



**Meðal þeirra sem skrifa undir áskorunina eru þrír af fjórum kvenráðherrum starfandi ríkisstjórnar.**

# Það verður að verða breyting

**STJÓRNMÁL** „Það verður að verða breyting á,“ segir í áskorun yfir þrjú hundruð kvenna vegna kynferðislegrar áreitni í stjórnmálalífinu hérlendis.

„Við krefjumst þess að allir karlar taki ábyrgð, að allir stjórnmálaflokkar taki af festu á málinu, setji sér viðbragðsreglur og lofi konum að þær þurfi ekki að þegja meir því þær muni fá stuðning,“ segir áfram í áskoruninni sem að standa konur sem eru eða hafa verið virkar í stjórnmálum.

Fram kemur í tilkynningu að framtakið eigi sér upphaf í lokuðum hópi á Facebook þar sem konur hafi í trúnaði rætt saman og deilt reynslusögum um kynbundið ofbeldi í starfsumhverfi þeirra. Á fjórum dögum hafi um sex hundruð konur úr öllum stjórnmálaflokkum skráð sig í hópinn. Meira en eitt hundrað sögur um valdbeitingu, kynbundið ofbeldi eða áreitni á vettvangi stjórnmálanna hafi þar verið sagðar.

„Mikilvægt er að tryggja að raddir allra heyrist í stjórnmálum og að stjórnmálin endurspegli samfélagið,“ segir í tilkynningu hópsins sem nefnir sig „Í skugga valdsins #METOO“. Með fylgdu tíu af þeim eitt hundrað sögum sem áður eru nefndar. Allar sögurnar verða síðan birtar á föstudaginn.

Meðal þeirra sem skrifa undir áskorunina eru þrír af fjórum kvenráðherrum starfandi ríkisstjórnar. **– gar**

# Sjálfa í frostinu



**Höfuðborgarbúar og ferðamenn létu kuldann ekki á sig fá í gær enda veðrið með ágætum þrátt fyrir frostið. Þetta svala par lá sallarólegt á ísi lagðri Reykjavíkurtjörn og tók af sér sjálfu með hinni nauðsynlegu sjálfustöng þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hitti loks Helga

**SAMFÉLAG** Gömlu skólafélagarnir Cherie Lockett og Helgi Hannesson hittust er hún dvaldi hér á landi. Fréttablaðið greindi frá því nýlega að Cherie leitaði Helga. Þau voru saman í barnaskóla í Michigan 1961.

„Ég mundi eftir honum vegna allra þeirra hugmynda sem ég hafði um Reykjavík. Hann mundi nú ekkert eftir mér. En það er allt í lagi,“ sagði Cherie, sem er farin utan en býst við því að verða áfram í sambandi við Helga. „Ég mun reyndar hitta bróður hans í Bandaríkjunum. Hann hafði samband við mig á Facebook.“

„Hún er indæl kona og það var gaman að spjalla við hana,“ segir Helgi um fundinn með Cherie. **– jhh**



**Cherie Lockett.**

# Íbúar rólegir þrátt fyrir hræringar í Öræfajökli

„Maður má ekki hræða sig á þessum hlutum,“ segir starfsmaður í söluskálanum Freysnesi. Íbúar í Öræfum eru rólegir þrátt fyrir fréttir síðustu daga og jarðeðlisfræðingur segir ekki þurfa að líta svo á að eldgos sé að skella á alveg á næstunni.

**JARÐVÍSINDI** „Það taka þessu allir af stóískri ró sem ég hef rætt við,“ segir G. Stígur Reynisson, sóknarprestur í Hofskirkju í Öræfum, um jarðhræringarnar í Öræfajökli undanfarið. Þessar hræringar kunna að leiða til eldgoss og hlaups úr jöklinum. „Fólk er voðalega rólegt. Það er einhvern veginn búið að bíta það í sig að þetta gerist ef það gerist og þá verður tekið á því,“ segir presturinn.

Þessi lýsing kemur heim og saman við upplifun þeirra íbúa sem Fréttablaðið ræddi við. „Ég held að það séu nú bara flestir rólegir enn þá. Það er svo sem ekkert annað að gera,“ segir Eyþór Sigurðsson á Hofi í Öræfum og Nökkvi Reyr Guðfinnsson, starfsmaður í söluskálanum Freysnesi, er líka sallarólegur. „Ef þetta gerist þá bara gerist þetta. En maður má ekki hræða sig á þessum hlutum,“ segir Nökkvi Reyr.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir við Fréttablaðið að niðurstöður vatnamælinga Veðurstofunnar bendi til þess að rennsli úr jöklinum hafi farið heldur minnkandi. Um helgina voru sýni tekin úr vatninu sem rennur úr jöklinum, meðal annars í Kvíá. Niðurstöður efnafræðirannsóknar benda til þess að ekki séu kvikugös í vatninu heldur sé um að ræða aukningu jarðhitavatns sem geti skýrt stækkun sigketilsins á jöklinum. Magnús Tumi segir þessar niðurstöður ekki benda til þess að kvika sé komin upp í jarðhitakerfið.

„En hins vegar eru allir sammála um það að líklegasta skýringin á þessum atburðum, skjálftum sem hafa verið og vísbendingum um



**Líklegasta skýringin á skjálftum og vísbendingum um landris virðist vera sú að djúpt undir eldstöðinni sé aukinn kvikuþrýstingur.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓI K.

landris, sé sú að djúpt undir eldstöðinni sé aukinn kvikuþrýstingur,“ segir Magnús Tumi. „En það eru enn sem komið er ekki vísbendingar um það að gos sé yfirvofandi,“ segir hann.

Eldfjallafræði- og náttúruvárhópur Háskóla Íslands birti í gær nýjar gervihnattamyndir frá Geimvísindastofnun Evrópu sem sýna að sprungumyndun hefur aukist í miðri öskju Öræfajökuls. Í lok október voru engar sprungur í öskjunni.

„Það er sprungumyndun í Öræfajökli sem er afleiðing af þessu vatnsrennsli. Við verðum bara að fylgjast með þessu, en ekki líta svo á að það sé að fara að skella á eldgos alveg á næstunni,“ segir Magnús Tumi.

jonhakon@frettabladid.is



**G. Stígur Reynisson.**



**Nicorette® Cooldrops munnsogstöflur** (innihalda nikótín) eru notaðar við tóbaksfíkn. Þær draga úr fráhvarfseinkennum vegna nikótíns og reykingaþörf hjá reykingafólki 18 ára og eldra. Munnsogstafla er látin leysast upp í munni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.
IS/NIC/L/K -2017-02-1



















Athugið að aukabúnaður á myndum gæti verið annar en á tilboðsbílum.

**250.000 kr. kaupauki fylgir öllum nýjum Golf næstu daga!**

**Bensínkort að verðmæti 120.000 kr.**
**60.000 kr. gjafabréf hjá 66°N**
**Vetrardekk fyrir allt að 70.000 kr.**

# Golf á góðu VWerði!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

Nú fylgir kaupauki að verðmæti 250.000 kr. með völdum nýjum bensín og metan Volkswagen Golf sem seldir verða á næstu dögum. Komdu og nýttu þér þetta frábæra tilboð á meðan birgðir endast. Hlökkum til að sjá þig!

**Við látum framtíðina rætast.**

**Volkswagen**

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Varðmenn Víkurgarðs segja mörk hans rangfærð í deiliskipulaginu

**REYKJAVÍK** Hópur sem kallar sig Varðmenn Víkurgarðs boðaði í gær til fundar sem svo skoraði einróma á borgarstjórn Reykjavíkur að varðveita hinn forna kirkjugarð Víkurkirkju allan sem almenningsgarð, alveg að austustu mörkum garðsins.

„Þess er krafist að rannsakað sé og leitt til fulls í ljós hvar austurmörk hans nákvæmlega liggja,“ segir í ályktun fundarmanna.

Um er að ræða garðinn sem er fyrir aftan Landsímahúsið og er oft kallaður Fógetagarður.

Ósk Lindarvatns ehf. um breytt deiliskipulag á Landsímareitnum vegna hótelbyggingar var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði borgarinnar á dögunum.

Fundarmenn kröfðust þess í gær að borgarstjórn heimili ekki að bygging rísi í gamla kirkjugarðinum, „eins og uppi eru áform um“.

Þá kröfðust fundarmenn þess að skipulagsyfirvöld leiðrétti „villu í deiliskipulagsuppdrætti Landsímareits, þar sem mörk Víkurgarðs eru ranglega færð og aðeins látin ná að vesturhlið Landsímahússins“.

Er sagt í yfirlýsingunni að skipulagsyfirvöldum sé vel kunnugt um að svo sé ekki. Sýnt hafi verið fram á að austurmörk garðsins nái langleiðina út að Thorvaldsensstræti.

En Varðmennirnir eru ekki þeir einu sem hafa fjallað um málið undanfarið. Á kirkjuþingi í síðustu viku var skorað á yfirvöld að koma í veg fyrir framkvæmdir sem raski gröfum í Víkurgarði.

„Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófasts. Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki.“ **– þea**



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var meðal fundarmanna. Einnig Oddur Helgason ættfræðingur sem er fremstur á myndinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kristín Soffía er álitin kjörgeng

**REYKJAVÍKURBORG** Kristín Soffía Jónsdóttir borgarfulltrúi er kjörgeng í borgarstjórn, samkvæmt ákvörðun meirihluta borgarstjórnar. Málið var tekið fyrir á fundi borgarstjórnar í gær.

Tíu borgarfulltrúar greiddu því atkvæði að Kristín Soffía héldi kjörgengi. Fjórir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá. Til grundvallar við ákvörðunina voru tvö lögfræðiálit, annað frá Logos og hitt frá Trausta Fannari Valssyni, dósent við lagadeild HÍ. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir álitin afgerandi.

Í bókun sem Sjálfstæðismenn lögðu fram segja þeir að eðlilegra hefði verið að fá úrskurð ráðuneytis sveitarstjórnamála vegna vafa um kjörgengi Kristínar Soffíu. **– jhh**



**Kristín Soffía Jónsdóttir.**

## Vonskuveður og ófærð víða

**VEÐUR** Björgunarsveitarmenn voru kallaðir út til að aðstoða ferðamenn sem voru sagðir í vanda í aftakaveðri nærri flugvélarflakinu á Sólheimasandi í gærkvöld. Fólkinu tókst að komast upp af veg af eigin rammleik á endanum en grunur var um að annar hópur hefði leitað sér skjóls í flakinu og leitaði björgunarsveitarfólk af sér þann grun. Aftakaveður var á Sólheimasandi og skyggni afar lélegt.

Vonskuveður og ófærð var víða um land í gær. Á Vestfjörðum voru heiðar og fjallvegir ófærir eða þungfærir. Ófært var um þjóðveg 1 í Öræfum en kom fram á daginn. **– gar**

# Ýmsir hugsi yfir úthringingum forystunnar í flokksráðsmenn

**Margir í flokksráði Vinstri grænna fá nú símtöl frá forystufólki í flokknum vegna yfirstandandi viðræðna um myndun ríkisstjórnar. Óvíst er hvort flokksráðið samþykkir málefnasamning verði hann borinn undir ráðið. Stjórn ungliðahreyfingarinnar er í eins konar biðstöðu vegna andstöðu margra félagsmanna sinna.**

**STJÓRNMÁL** Nokkurs titrings gætir í flokksráði Vinstri grænna, sem samþykkja þarf málefnasamning væntanlegrar ríkisstjórnar í samræmi við lög flokksins. Fréttablaðið ræddi við nokkra flokksráðsmenn um viðræðurnar og andrúmsloftið í flokknum. Mjög skiptar skoðanir eru meðal flokksmanna um stjórnarmyndunarviðræðurnar. Margir eru vonsviknir; treysta forystunni fullkomlega en skilja ekki þetta skref.

Þá hafa fulltrúar í flokksráðinu tekið úthringingum frá þingmönnum, fyrrverandi ráðherrum og öðru forystufólki í Vinstri grænum með misjöfnum hætti og nokkrir fundið fyrir þrýstingi. Aðrir segjast ekki hafa upplifað símtöl forystunnar sem þrýsting heldur talið að menn vildu aðeins ræða við baklandið, heyra afstöðu manna og taka stöðuna.

Yfir hundrað manns eiga sæti í flokksráði Vinstri grænna. Í ráðinu eiga sæti þingmenn flokksins og fulltrúar hans í sveitarstjórnum um allt land, auk fulltrúa aðildarfélaga og svæðafélaga. Þá eru fjörutíu fulltrúar í ráðinu kosnir á landsfundi flokksins.

Viðhorf innan flokksins til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn hafa þó lengi verið blendin eins og skoðanakannanir bæði fyrir og eftir nýafstaðnar kosningar hafa sýnt.

„Stór hluti ungliðahreyfingarinnar er mótfallinn samstarfi við þessa flokka,“ segir Gyða Dröfn Hjaltadóttir, formaður UVG. Hún segist þó ekki vita til þess að einhverjir hafi sagt sig úr hreyfingunni. „En ég veit um einhverja sem vilja segja sig úr VG en vera áfram í UVG, enda er UVG sjálfstæð hreyfing.“ Gyða segir þó ákveðinn vanda fylgja því. „Þá erum við komin í þann vanda að geta ekki haft jafn mikil áhrif innan móðurhreyfingarinnar enda værum við þá að kúpla okkur út úr innra starfinu að einhverju leyti, segir Gyða og bætir við; „Við þurfum svolítið að bíða og sjá hvað verður. Við vitum ekki hvernig samningurinn verður, hvort hann verður samþykktur og hvort flokkurinn fer yfirhöfuð í ríkisstjórn.“



**Landsfundur VG var haldinn í október skömmu fyrir kosningar þegar fylgi flokksins var á flugi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Stór hluti ungliðahreyfingarinnar er mótfallinn samstarfi við þessa flokka.**
>
> Gyða Dröfn Hjaltadóttir, formaður UVG

Auk flokksmanna úr ungliðahreyfingunni, sem eru hvað neikvæðastir um stjórnarsamstarfið, er töluverð andstaða úr hópi elstu félagsmanna flokksins. Flokksmenn af höfuðborgarsvæðinu eru einnig frekar neikvæðari en landsbyggðarfólk flokksins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins veldur það nokkrum áhyggjum að stuðningur við stjórnarsamstarfið sé mestur meðal þeirra sem eru síst líklegir til að skila sér til Reykjavíkur á flokksráðsfund.

Flokksráðið er þríklofið í afstöðu sinni til viðræðna flokksins. Sumir eru mjög jákvæðir fyrir stjórnarsamstarfi en aðrir eru þvert á móti og vilja undir engum kringumstæðum að flokkurinn fari í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Þá eru þeir sem eru efins um samstarf en vilja þó bíða og sjá hvað kemur út úr viðræðum. Af samtölum Fréttablaðsins við flokksráðsmenn eru margir í síðast talda hópnum. Flestir viðmælenda blaðsins telja þó að málefnasamningur verði samþykktur ef til þess kemur að samningar náist meðal flokkanna.

**adalheidur@frettabladid.is**


MITT LITLA LEIKSVIÐ

**Sveinn Einarsson, leikhússtjóri í 20 ár, lítur um öxl**




Fjölskylda, vinir og frægðarmenn í nýju ljósi

Eftirminnilegar persónur og skemmtilegar senur úr leikhúsinu lifna við

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15






**Við verðum með 31 Toyota-bifreið** á afar sjaldséðu tilboðsverði enda aðeins 31 dagur til jóla og því fylgir ríflegur jólakaupauki með hverjum nýjum bíl sem við seljum á sýningunni.

**JÓLAKAUPAUKI**
Fylgir öllum nýjum bílum sem seljast á sýningunni.

**GJAFAKORT SMÁRALINDAR að verðmæti 100.000 kr.**
Þú kaupir nýjan bíl í pakkarúntinn og ferð langt með að klára jólainnkaupin í einni og sömu ferð.

**VEGLEG JÓLAVEISLA frá Krónunni:** Hamborgarhryggur, hangilæri, sultur og sósur, hátíðarpate, reyktur og grafinn lax, síldin, ostarnir, kexið, „Mackintosh-dós" og allt sem þarf fyrir mestu sælkerahátíð ársins.

Komdu og heilsaðu upp á sölumenn okkar sem verða í alveg sérstöku hátíðarskapi. Kósí stemning, heitt kakó og ljúffengar veitingar í anda jólanna. Frábær tilboð á bílavörum í auka- og varahlutaverslun.

· **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota-bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**




5 3+2 ÁBYRGÐ · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.


Hannað og framleitt á Íslandi
Íslensku Fuglarnir
Höfuðborgarsvæðið
Lilja Boutiqe - Hafnarfirði
18 Rauðar Rósir - Hamraborg
Reykjavíkurblóm - Borgatúni
Rammagerðin - Bankastræti
Landsbyggðin
Gullabúið - Seyðisfirði
Blómasetrið - Borganesi
Bakkabúð - Djúpavogi
Geisli - Vestmannaeyjum
Hús handana - Egilsstaði
Hjarta bæjarins - Siglufirði
Lífsbókin - Húsavík
Túff Wiium - Vopnafirði
Netverslun - www.graf.is/design

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS


Álgluggar og hurðir
CE - merkt framleiðsla
- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga
IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi
SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS
Þú getur einnig lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðsappinu.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft



**Orkuveituhúsið hefur reynst fyrirtækinu og eigendum þess dýrt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Höfuðstöðvabrask sagt dýr bókhaldsbrella

Salan á Orkuveituhúsinu árið 2013 var málamyndagjörningur til að fegra bókhaldið og í raun dýrt lán frá lífeyrissjóðunum segja borgarfulltrúar. Stjórnarmaður OR segir að verið sé að kaupa hálfónýtt hús hærra verði en það var selt á.

**REYKJAVÍK** „Þessi furðulegi fjármálagjörningur allur hefur verið mjög slæmur fyrir Orkuveituna og eigendur hennar, skattgreiðendur,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í OR, um fyrirhuguð endurkaup fyrirtækisins á höfuðstöðvum sínum við Bæjarháls 1. Borgarstjóri telur endurkaupin álitlegan kost.

Kjartan furðar sig á að OR hafi árið 2013 selt Fossi fasteignafélagi, sem er í eigu nokkurra lífeyrissjóða, höfuðstöðvarnar á 5,1 milljarð króna þegar ekki var vitað betur en að húsið væri í toppstandi, en sé nú fjórum árum síðar að kaupa höfuðstöðvarnar aftur á 5,5 milljarða króna þegar vitað er að vesturbygging þeirra er stórgölluð. Kjartan bendir á að söluandvirðið frá 2013 sé um 5.467 milljónir að núvirði og OR því að greiða tugum milljóna meira fyrir að kaupa húsið aftur, ónýtt að hluta.

Við það bætast síðan þær 470 milljónir króna sem settar voru í tilraunaviðgerðir á vesturhúsinu að ógleymdum leigugreiðslum á tímabilinu sem nemi 906 milljónum króna. OR hefur bent á að söluandvirðið hafi verið ávaxtað um rúma 1,2 milljarða á tímabilinu, eða um 330 milljónir umfram leigu.

Þessu til viðbótar stendur OR enn frammi fyrir því að greiða um og yfir tvo milljarða króna fyrir einhvern þeirra valkosta sem í boði eru við björgun vesturhússins.

> Núna höfum við val því okkur hefur tekist að ná OR fyrir vind og ekki í sömu fjárþröng og þegar húsið var selt á sínum tíma.
>
> Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



> Salan árið 2013 var málamyndagjörningur, hluti af þessu plani til að fegra bókhaldið.
>
> Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina



Salan á höfuðstöðvunum var umdeild og ekki dæmigerð sem slík. OR var í fjárþörf og lífeyrissjóðirnir í leit að fjárfestingarmöguleikum. Kjartan segir vafa hafa leikið á frá upphafi að um raunverulega sölu væri að ræða.

„Enda fól sölusamningurinn í sér, auk þess að greiða leigu til 20 ára, að OR myndi greiða rekstrarkostnað og bera ábyrgð á viðhaldi hússins. Sölu- og leigusamningur OR við Foss var í raun dýr lánasamningur þar sem leigugreiðslur eru ígildi vaxtagreiðslna.“

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, segir niðurstöðuna ekki koma á óvart.

„Salan árið 2013 var málamyndagjörningur, hluti af þessu plani að fegra bókhaldið og allir samningar báru þess merki.“

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir málið nú snúast fyrst og fremst um mat fjármálaskrifstofu borgarinnar á því hvort skynsamlegt sé að leigja húsið áfram eða leysa það til sín á þessu verði.

„Okkur sýnist það vera álitlegt og hinn kosturinn ekki eins góður.“

Dagur segir fyrirkomulag sölunnar á sínum tíma hafa verið metið hagstæðara en aðrir fjármögnunarmöguleikar sem þá voru í boði við björgun OR.

„Núna höfum við val því okkur hefur tekist að ná OR fyrir vind og ekki í sömu fjárþröng og þegar húsið var selt á sínum tíma. Því þarf að meta hvað sé best fyrir Orkuveituna.“ **mikael@frettabladid.is**

# Leiðangur eftir gulli í Minden nú í gangi

**FJÁRSJÓÐIR** Leitarskip á vegum breska fyrirtækisins Advanced Marine Services hefur frá því á mánudag að minnsta kosti verið á þeim stað þar sem flak þýska flutningaskipsins SS Minden er að finna á hafsbotni um 120 sjómílur suðsuðaustur af Ingólfshöfða.

Samkvæmt starfsleyfi ber AMS að upplýsa Umhverfisstofnun um það sem tekið verður úr Minden. Einnig á AMS að tilkynna Landhelgisgæslunni um ferðir sínar. Fyrirtækið hefur þrjá sólarhringa til að ljúka verkinu sem unnið er með fjarstýrðum kafbáti.

„Að svo stöddu er óvíst hvort við fylgjumst með aðgerðinni nánar en kveðið er á um í starfsleyfinu,“ svarar Sveinn Guðmarsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, aðspurður hvort stofnunin hafi tök á að fylgjast með aðgerðinni.

Eins og fram hefur komið telja leitarmenn að gull kunni að leynast í skáp í Minden. Skápurinn verði fluttur til Bretlands þar sem viðeigandi stofnun muni skera úr um innihaldið og eignarhaldið. Þýska skipafélagið Hapaq-Lloyd gerir tilkall til Minden og þess sem í skipinu kann að leynast. **– gar**


**Milljarða virði af gulli gæti rúmast í skáp sem taka á úr Minden.** NORDICPHOTOS/GETTY




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Nærri fjörutíu ára valdaskeið nú á enda

**Robert Mugabe sagði af sér simbabveska forsetaembættinu í gær. Afsagnarbréf hans var óvænt lesið upp á þingfundi þar sem rætt var um embættissviptingartillögu á hendur honum. Simbabveska ríkissjónvarpið sýndi þátt um landbúnað er greint var frá afsögninni.**

**SIMBABVE** Robert Mugabe sagði af sér forsetaembætti í gær. Hann hafði verið við völd allt frá því hann tilkynnti um að nafni ríkisins Ródesíu skyldi breytt í Simbabve árið 1980. Mugabe varð forsætisráðherra en við stjórnarskrárbreytingar árið 1987 var forsetaembætti stofnað og settist Mugabe í stólinn. Þar sat hann þangað til í gær. Ekki er líklegt að Mugabe hyggi á endurkomu í stjórnmálin, enda 93 ára gamall.

Þessari nærri fjögurra áratuga valdatíð Simbabvemannsins lauk í raun í síðustu viku þegar herinn tók völdin í landinu og hneppti Mugabe í stofufangelsi. Ljóst var að Mugabe yrði skipt út og var þrýstingurinn á forsetann fráfarandi mikill. Ástæðan fyrir aðgerðum hersins er talin ákvörðun Mugabe um að reka varaforsetann Emmerson Mnangagwa úr embætti. Sá þótti líklegur eftirmaður forsetans en Grace Mugabe forsetafrú sóttist einnig eftir forsetastólnum.

Simbabveska þingið kom saman í gær og ræddi embættissviptingartillögu á hendur Mugabe. En umræðunni um tillöguna var hætt þegar þingforsetinn Jacob Mudenda las bréf sem barst óvænt frá forseta. Þar tilkynnti Mugabe um afsögn sína, sagði ákvörðunina tekna af frjálsum vilja og að hún væri nauðsynleg svo hægt væri að skipta um stjórn með friðsamlegum hætti. Áður hafði Mugabe neitað að segja af sér.



Starfsmenn þingsins glöddust þegar mynd af Mugabe var tekin niður af vegg í þingsalnum. NORDICPHOTOS/AFP

Mudenda sagði jafnframt að tilkynnt yrði um nýjan forseta á morgun. Talið er næstum öruggt að sá verði Mnangagwa.

Miðað við myndir og myndskeið sem birtust af augnablikinu sem Mudenda las bréfið var meginþorri þingmanna kampakátur. Óhætt er að segja að fagnaðarlæti hafi brotist út á þinginu en yfirgnæfandi meirihluti var talinn fylgjandi embættissviptingartillögunni. Um það voru þingmenn stjórnarandstöðu og þingmenn ríkisstjórnarflokksins, og flokks Mugabes, Zanu-PF, flestir sammála.

Á meðan heimspressan fjallaði um afsögnina og viðbrögð þingsins sýndi simbabveska ríkissjónvarpið, ZBC, þátt um landbúnað. Ríkisblaðið Herald var þó sneggra að greina frá fréttunum á vefsíðu sinni, en miðillinn þykir afar hliðhollur Zanu-PF.

„Umræðurnar eru skyndilega hættar og nú lýsir þingforsetinn því yfir að þeim verði ekki haldið áfram. Hann segir að Mugabe forseti hafi sagt af sér. Fagnaðarlæti brjótast út í salnum og þingforsetinn á erfitt með að hafa hemil á viðstöddum,“ sagði í beinni lýsingu Herald.

Þingmenn báru þungar sakir á Mugabe þegar rætt var um tillöguna. Monica Mutsvangwa, fyrsti flutningsmaður tillögunnar og þingmaður Zanu-PF, sagði að Mugabe væri orðinn gamall og að teyma þyrfti hann í gegnum hin ýmsu verk. Því væri hann ekki lengur hæfur til að gegna embættinu. Mutsvangwa sagði jafnframt að Mugabe hefði ekkert gert til að stemma stigu við spillingu í Simbabve.

Í tillögunni sjálfri var Mugabe sagður hafa látið eiginkonu sína um störf forseta, til að mynda hafi henni verið leyft að skipa ráðherra. Var Mugabe sakaður um alvarleg afglöp í starfi, brot gegn stjórnarskránni og vanhæfi til að gegna starfi forseta sökum líkamlegs eða andlegs ástands.

Ekki voru þó allir ósáttir við Mugabe. Ráðherra framhaldsmenntunar hjá menntamálaráðuneytinu, Jonathan Moyo, tísti eftirfarandi skilaboðum til fylgjenda sinna: „Það mun aldrei neinn líkjast félaga Robert Mugabe. Ég er þakklátur fyrir það tækifæri að hafa fengið að þjóna landi mínu undir leiðsögn hans. Ég er stoltur af því að hafa staðið með þessum stórkostlega leiðtoga á þessum erfiðu lokadögum forsetatíðar hans.“

**thorgnyr@frettabladid.is**




Sóllúga, nálgunarvörn framan og aftan, loftkæling, ljúflokun á hurðum, bakkmyndavél, milano leðuráklæði, lykillaust aðgengi, 18" álfelgur, S-line útlitspakki, LED framljós og margt fleira. Sjón er sögu ríkari.

**Audi A6 Limo**
2.0 TDI 190 hestöfl
2015 **6.870.000** KR
17



16" álfelgur, lykillaust aðgengi, Dynaudio hljómkerfi, bakkmyndavél, nálgunarvari, Vienna leðurinnrétting, dökkar rúður og margt fleira.

**VW Golf e-Golf**
Premium Rafbíll
2016 **3.980.000** KR
3

30 4x4 ECO

**Góðir notaðir með reynslu.**

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



**VW Caddy G4 Trendline**
1.4 TGI (metan)
2016 **1.990.000** KR
91 ECO



**Skoda Octavia Combi**
Ambition 1.6
2014 ~~2.850.000~~ KR
TILBOÐ **2.550.000** KR
55



**VW Golf Hatchback GTE**
Plug-in-hybrid 1.4 TSI
2016 **3.690.000** KR
15



**VW Tiguan Track&Style**
2.0 TDI
2015 **3.980.000** KR
36



**VW Polo Comfortline**
1.4
2014 ~~1.790.000~~ KR
TILBOÐ **1.540.000** KR
59



**Skoda Yeti Outdoor**
2.0 TDI 4X4
2016 **3.850.000** KR
41 4x4



**Nissan Leaf Acenta**
Rafmagn 24kW
2013 ~~1.990.000~~ KR
TILBOÐ **1.680.000** KR
54

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040



FÁÐU OCTAVIU
LÁNAÐA Í 24 TÍMA
OG TILVERAN
BREYTIST
ŠKODA
IS FD 21 R21
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA MEÐ ŠKODA OCTAVIU.
ŠKODA Octavia er skemmtilegur bíll sem gaman er að kynnast. Nú býðst þér tækifæri til að fá nýja Octaviu lánaða í sólarhring til að sjá hvað hún hefur upp á að bjóða. Sendu okkur línu á skoda@skoda.is eða komdu við hjá okkur í HEKLU og fáðu Octaviu í dísil- eða metanútfærslu til reynslu í sólarhring.
Öllum seldum Octavium fylgir gjafabréf í Kringlunni að verðmæti 100.000 kr. Tilboðið gildir til jóla svo það er ekki eftir neinu að bíða. Hlökkum til að heyra frá þér!
24 TÍMA HEIMLÁN ŠKODA
ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.
100.000 kr. gjafabréf í Kringlunni fylgir öllum nýjum Octavium til jóla.*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
www.skoda.is

# Hinsta stund



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Það er óþolandi staðreynd að dauðinn bíður okkar allra allt frá fyrsta degi. Það sem við gerum þar til stundin rennur upp og við kveðjum þetta líf skiptir auðvitað meginmáli en það gerir líka dauðastundin sjálf. Okkur er nefnilega fæstum sama um hvernig allt er í kringum okkur þegar kemur að hinu óumflýjanlega. Við viljum hafa hjá okkur ástvini, njóta kyrrðar, næðis, reisnar og innileika og vonandi kveðjum við þennan heim í sátt.

Allt þetta skiptir líka þá ástvini sem eftir standa öllu máli. Það er því raunaleg staðreynd að um eitt hundrað aldraðra einstaklinga eru í einhvers konar biðstöðu á Landspítalanum hverju sinni og að fimmtungur þeirra deyr á spítalanum áður en þeir komast á öldrunarheimili. Það efast enginn um að starfsfólk Landspítalans gerir allt sem í þess valdi stendur til þess að annast vel um þessa einstaklinga og aðstandendur þeirra. Það eru vandfundnir vinnustaðir þar sem er borin viðlíka virðing fyrir lífi, dauða og mannlegri reisn og á Landspítalanum en það er ekki málið.

Málið er að þetta er ekki eins og það getur verið eða á að vera. Þetta er ófremdarástand og við þetta verður ekki endalaust unað í samfélagi sem kennir sig við velferð og mannréttindi. Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðadeildar Landspítalans, benti á í Fréttablaðinu í hverju meinið er fólgið. „Skortur á dvalarrýmum er meinið sem skemmir svo mikið út frá sér. Þar liggur vandinn sem spítalinn glímir við fyrst og fremst,“ segir Jón Magnús. „Skorturinn hefur áhrif á biðtíma sjúklinga eftir sérhæfðri meðferð, áhrif á tímann þar til sjúklingur er kominn á viðeigandi sjúkradeild, og hefur áhrif á legutíma allra sjúklinga. Einnig ef þessi vandi yrði leystur yrði álag á hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða mun minna og auðveldaði þeim stéttum öll störf.“

Jón Magnús setur þarna fram skýra og afdráttarlausa greiningu á vandanum sem er skortur á dvalarrýmum og það er einmitt fólkið sem starfar innan spítalans sem er líklegast til þess að geta séð lausnir á bráðasta vandanum. En eins og Félag eldri borgara í Reykjavík bendir á í ályktun sem það sendi frá sér í gær þá er aðgerða þörf og það strax. Þess er óskandi að stjórnmálin fari nú að átta sig á þessu í raun og veru en ekki aðeins í stjórnarsáttmálum, yfirlýsingum og góðum fyrirætlunum sem síðan velkjast milli mislanglífra ríkisstjórna.

Skortur á dvalarrýmum leiðir líka af sér aukið álag á Landspítalann og það er einfaldlega ekki á það bætandi á þeim bænum. Stjórnvöld verða því að bregðast hratt við til þess að takast á við bráðasta vandann því að það er ekki þolandi að þessu sé ýtt áfram án raunverulegra aðgerða vegna þess að þessi fimmtungur er ekki bara tölfræði heldur fólk. Einstaklingar sem eiga betra skilið. Einstaklingar sem lifa og deyja eins og Hallgrímur Pétursson, sem orti flestum betur, orðaði það: „Svo að lifa, ég sofni hægt, / svo að deyja, að kvöl sé bægt, / svo að greftrast sem Guðs barn hér / gefðu, sælasti Jesú, mér.“

**Skortur á dvalarrýmum leiðir líka af sér aukið álag á Landspítalann og það er einfaldlega ekki á það bætandi á þeim bænum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Að kjósa**

**Tilkynnt var um hvaða verkefni urðu fyrir valinu í kosningum íbúalýðræðisverkefnisins Hverfið mitt í gær. Alls voru 76 verkefni valin til framkvæmda á næsta ári og eru þau afar fjölbreytt. Það vekur þó athygli, og hefur verið rætt, hvort sum þessara verkefna séu vel til þess fallin að kjósa um eða hvort þau eigi að heyra undir sjálfsögð verkefni yfirvalda.**

**Verkefni á borð við líkamsræktartæki á opið svæði vestan Miðbæjar, vaðlaug við Grafarvogslaug og sjónauka við Eiðisgranda eru nokkuð óumdeilanlega vel við hæfi í kosningum sem þessum.**

**Verkefni sem snúa að bættu öryggi íbúa, svo sem lýsingar á göngustígum, nýjar girðingar og lagfæringar á bílastæðum eru ef til vill eitthvað sem ætti bara að framkvæma, ekki kjósa um.**

**Áreitni**

**Vísir greindi frá því í gær að hundruð kvenna með tengsl við pólitískt starf ræði sín á milli á Facebook um áreitni karla úr heimi stjórnmála og jafnvel kynferðisbrot. Umræðurnar eru rökrétt framhald #metoo byltingarinnar og verður augljósara með hverjum deginum að eitthvað þarf að breytast. Það er einfaldlega óboðlegt að konur þurfi að búa við stanslausa og ítrekaða áreitni vegna kyns síns.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Ekki missa af framtíðinni



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
formaður BHM

Það eru allir að tala um fjórðu iðnbyltinguna. Okkur er sagt að hún færi okkur stórkostlega stafræna framtíð. Óendanlega möguleika til nýsköpunar með tilheyrandi umbreytingu á samfélagsgerðinni – veröld nýja og góða. Sumt af því sem okkur er sagt hljómar óhugsandi en þannig er það með margt sem til framfara horfir. Fyrir hundrað árum þótti mörgum óhugsandi að konur fengju kosningarétt. En þær fengu hann samt. Fyrir fimmtíu árum þótti flestum óhugsandi að konur ættu rétt á nokkurra mánaða launuðu fæðingarorlofi (hvað þá karlar). En þannig er það þó í dag.

Hvorki kosningarétturinn né fæðingarorlofið tengjast tækniframförum með beinum hætti. En hvort tveggja er þó óbein afleiðing iðnbyltinganna sem hófust fyrir 250 árum. Með þeim var rofin kyrrstaða gömlu landbúnaðarsamfélaganna sem iðnvæddust hvert á fætur öðru. Þær breytingar kölluðu á stofnun verklýðsfélaga, fyrst sem andsvar við verksmiðjuþrælkun en síðar sem sjálfstætt afl sem gætir réttinda launafólks um allan heim. Og síðast en ekki síst skilaði barátta kvenna fyrir frelsi og sjálfstæðum réttindum á vinnumarkaði okkur fram veginn. Sagan segir okkur að tæknibyltingar geta breytt atvinnuháttum og samfélagi. En byltingarnar hafa ekki orðið af sjálfum sér heldur af manna völdum. Þær hafa orðið vegna ákvarðana sem menn (nánast eingöngu karlmenn) hafa tekið og fylgt eftir. Þetta segir okkur að við getum og eigum að hafa stjórn á atburðarásinni svo að fjórða iðnbyltingin verði til góðs en ekki ills.

Fjórða iðnbyltingin mun hafa mikil áhrif á vinnumarkað framtíðarinnar. Hlutverk stéttarfélaga mun breytast en mikilvægi þeirra fyrir réttindagæslu og hagsmunabaráttu félagsmanna verður hið sama og áður. Fyrir marga háskólamenntaða er fastráðning með tryggum kjörum og réttindum fjarlægur draumur. Þúsaldarkynslóðin er orðin fullorðin og vinnumarkaðurinn sem við henni blasir er allt annar en sá sem X-kynslóðin eða þau sem á undan henni fóru þurftu að fóta sig á. Margir eiga ekki kost á öðru en verktakavinnu og/eða tímabundnum ráðningum. Mörg fara frá „giggi“ til „giggs“ og verða að taka þau verkefni sem bjóðast. Þessi nýja staða kallar á breytt skipulag og vinnubrögð stéttarfélaga.

Undirbúningurinn er hafinn af hálfu BHM. Við ætlum ekki að missa af framtíðinni.

**Fjórða iðnbyltingin mun hafa mikil áhrif á vinnumarkað framtíðarinnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Opið bréf til Gísla, Eiríks og Helga sem eru að reyna að hnoða saman ríkisstjórn



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Ágæta fólk, það er stundum erfitt að horfa til baka og þurfa að sætta sig við sviðna jörð í slóð. Það er nefnilega þannig að þrátt fyrir sjálfshjálparbækur, tólf þrepa prógrömm, alla hugleiðslu heimsins og jóga og lífrænt ræktaða hollustu þá var maður bara það sem maður var og því breytir ekkert sem maður gerir í dag. Tíminn er grimmur og línulegur, leyfir manni ekki að breyta því sem orðið er.

Minn fortíðardjöfull á rætur sínar í því hvernig ég brást börnunum mínum þegar þau voru lítil, átti engan tíma handa þeim, eyddi honum öllum í að þjóna sjúklegum metnaði vísindamanns sem stóð í þeirri trú að það eina sem skipti raunverulega máli væri að sýna heiminum að hann væri sniðugri en allir aðrir, án tillits til þess hvort hann væri það eða ekki.

Þegar hugurinn leitar til þess tíma þegar börnin mín voru lítil, sem hann gerir oftar með ári hverju, drúpi ég gjarnan höfði, augun vísa til jarðar og sjá þá ekki drulluga sokka, drullusokka, á fótum mér heldur fætur ótrúlegs drullusokks í skónum mínum. Hvílíkur drullusokkur er sá maður sem vanrækir börnin sín af hvaða ástæðu sem er. Sá maður sem gerir það til þess að þjóna hégómlegum metnaði sínum er glæpamaður sem enginn ætti að veita uppreist æru og enginn upplýstur aðili myndi veita uppreist æru nema kannski dómsmálaráðuneyti lýðveldis á lítilli eyju í Norður-Atlantshafi. Það er engin skylda foreldra ríkari eða göfugri en sú að hlúa að börnum sínum, allt annað bliknar hjá henni, verður að hjómi. Það er líka engin skylda samfélags ríkari eða göfugri en sú að hlúa að börnum sínum, allt annað bliknar hjá henni, verður að hjómi.

Þess vegna hvet ég ykkur ágæta fólk og unga, sem eruð að reyna að hnoða saman stjórnarsáttmála að taka skref aftur á bak og spyrja hvað þyrfti að vera í honum til þess að tryggja eins vel og mögulegt er að þið gætuð horft til baka og sagt að þótt allt annað hefði farið til fjandans þá hefðuð þið hlúð að börnum þessa lands fyrst og fremst og eins og vera ber. Það er skylda ykkar að svara þessari spurningu áður en þið snúið ykkur að öðru.

Hagsmunir barnanna hljóta að vera í forgangi, alltaf og þeim má aldrei fórna fyrir eitthvað annað. Fulltrúar flestra stjórnmálaflokka á Íslandi virðast sammála því að það væri æskilegt og markmið í sjálfu sér að allir þegnar þessa lands byrji sitt líf með jöfn tækifæri. Það verður líklega aldrei svo, en eitt af því sem góðir leikskólar og barnaskólar og skólar allt upp að stúdentsprófi geta gert er að bæta aðstöðu barna og unglinga sem eru vanrækt á heimilum sínum, af foreldrum eins og mín börn voru af mér. Það er nefnilega til alls konar vanræksla á börnum og hún finnst á ótrúlegustu stöðum. Góðir skólar geta oft hjálpað börnum að forðast afleiðingar hennar að minnsta kosti að hluta. Það finnast líka hvergi betri tækifæri til þess að hvetja börn og unglinga til dáða en í skólunum og því yngri sem þau eru þeim mun næmari eru þau og móttækilegri fyrir gersemum skólanna.

Þegar talið berst að menntakerfinu er því gjarnan haldið fram að það sé brýnust þörf á því að auka fjárútlát til háskólanna og í samkeppnissjóði til vísindarannsókna. Ég er þessu algjörlega ósammála. Háskólastigið þarf fyrst og fremst á því að halda að skólarnir séu allir sameinaðir, vegna þess að okkar litla samfélag ræður ekki við nema einn háskóla sem stendur undir nafni. Síðan þarf að skrúfa til baka þá gengisfellingu háskólanáms á Íslandi sem á meðal annars rætur sínar í því að fjárveiting til háskóladeilda hefur gjarnan markast af fjölda nemenda sem hefur búið til hvata til þess að halda í námi fólki sem á alls ekki heima þar. Afleiðingin af því er síðan sú að háskólarnir íslensku geta sýnt fram á að við veitum minna fé á nef hvert meðal háskólanema en gert er í háskólum í löndunum í kringum okkur sem gera meiri kröfur til nemenda.

Það er líka út í hött að halda því fram að það sé góð fjárfesting fyrir íslenskt samfélag að auka til muna ríkisstyrki til vísindarannsókna. Kostnaður við vísindarannsóknir hefur aukist til muna á síðustu árum meðal annars vegna þess að ný tækni sem hrannast upp með ótrúlegum hraða er dýrari en svo að það sé réttlætanlegt að krefjast þess að okkar litla samfélag borgi fyrir hana og án hennar eru vísindamenn okkar sjaldan samkeppnishæfir. Þess vegna er reynslan sú að vísindarannsóknir á Íslandi sem eru fjármagnaðar eingöngu fyrir innlent fé og undantekningarlítið af ríkinu hafa tilhneigingu til þess að vera dapurlegur kyrkingur þótt á því séu merkilegar undantekningar og sumar fallegar.

> **Látið mig vita gott fólk, það er vond tilfinning að hafa verið lélegt foreldri. Gangið úr skugga um að þið rísið ekki upp úr ráðherrastólum með hana í hjarta ykkar. Sorgin sem fylgir því er of þungbær. Fyrsti kapítulinn í stjórnarsáttmála ykkar ætti að fjalla um byltingarkenndar umbætur í íslensku skólakerfi, í leikskólum, í grunnskólum og framhaldsskólum af öllum gerðum.**

Það er hins vegar nauðsynlegt fyrir íslenskt samfélag að mennta þjóðina til þess að skilja nútíma vísindi og þau tækifæri sem eiga rætur sínar í þeim. Það gerum við fyrst og fremst með því að hlúa að menntum barna og unglinga alla leið frá leikskólum og upp að stúdentsprófi og síðan með því að styrkja kennslu í einum háskóla sem gerir miklar kröfur til nemenda. Mikilvægur þáttur í þeirri aðhlynningu er að bæta kjör kennara til muna vegna þess að það sem skiptir máli í skólakerfinu eru fyrst og fremst kennarar sem vinna þar og eins og stendur reynist erfitt að laða að besta fólkið af því það getur ekki framfleytt sér af launum sem standa til boða.

Ef við tökum nú öll börn og unglinga á Íslandi og búum til úr þeim samnefnara sem við köllum Barn þá má leiða að því rök að ríkisstjórnin beri svipaða ábyrgð á því og faðir og Alþingi svipaða móður. Þessar stofnanir tvær verða að gera sér grein fyrir því að þeim ber skylda til þess að hlúa að Barninu áður en þær fara að sinna öðrum skyldum. Þær mega ekki fórna einni máltíð barnsins fyrir hégóma eins og gat í gegnum fjall eða breikkun þjóðvega eða skattaafslátt fyrir atvinnugrein eða sendiráð á Indlandi. Þær mega ekki fórna því að lesa fyrir barnið eða hjálpa því með heimavinnu eða að leika við það til þess eins að sýna heiminum að þær aðhyllist göfuga pólitíska filósófíu. Allt annað verður að víkja fyrir hagsmunum Barnsins, það á það skilið án tillits til alls annars og svo er það líka framtíð þessarar þjóðar.

Látið mig vita gott fólk, það er vond tilfinning að hafa verið lélegt foreldri. Gangið úr skugga um að þið rísið ekki upp úr ráðherrastólum með hana í hjarta ykkar. Sorgin sem fylgir því er of þungbær. Fyrsti kapítulinn í stjórnarsáttmála ykkar ætti að fjalla um byltingarkenndar umbætur í íslensku skólakerfi, í leikskólum, í grunnskólum og framhaldsskólum af öllum gerðum. Ekki gleyma þessu vegna metnaðar á öðrum sviðum. Það væri einfaldlega of ljótt. Verið ekki drullusokkar.












## Liverpool mistókst að tryggja sig áfram í 16-liða úrslitin



Liverpool náði ekki að tryggja sig áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gærkvöld, þrátt fyrir að hafa verið 0-3 yfir gegn Sevilla eftir hálftíma leik. Heimamenn komu til baka í seinni hálfleik og jöfnuðu leikinn á síðustu mínútum uppbótartímans. Liverpool hefur ekki komist upp úr riðlakeppni Meistaradeildarinnar frá því tímabilið 2008/09. Liðið getur þó tryggt sér farseðilinn þangað í lokaumferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Við stýrið þrátt fyrir að vera ekki kominn með bílpróf

**Haukur Þrastarson hefur komið eins og stormsveipur inn í lið Selfoss í vetur og spilað vel á báðum endum vallarins. Hann segist vera að spila stærra hlutverk en hann bjóst við fyrir tímabilið. Þjálfari Hauks, Patrekur Jóhannesson, er ánægður með þennan 16 ára gamla strák og segir hann geta komist í fremstu röð.**

**HANDBOLTI** Selfyssingurinn Haukur Þrastarson hefur vakið athygli fyrir vasklega framgöngu á tímabilinu. Haukur er aðeins 16 ára gamall, fæddur árið 2001, og í fyrsta sinn í stóru hlutverki í meistaraflokki.

Haukur átti sinn besta leik í vetur þegar Selfoss vann eins marks sigur á FH, 24-23, á sunnudaginn. Hann skoraði sex mörk úr aðeins sjö skotum, gaf fjórar stoðsendingar og fiskaði eitt víti samkvæmt tölfræðiþjónustunni HBStatz.

„Við erum virkilega sáttir við spilamennskuna og sérstaklega varnarleikinn. Þetta var sterkur sigur,“ sagði Haukur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Selfyssingar spiluðu virkilega grimma og sterka framliggjandi vörn sem kom FH-ingum í mikil vandræði.

„Uppleggið var að vera grimmir og fastir fyrir en ekkert endilega svona framarlega,“ sagði Haukur sem hefur fengið stærra hlutverk eftir því sem liðið hefur á tímabilið og sérstaklega eftir að Elvar Örn Jónsson meiddist. En átti hann von á því fyrir tímabilið að hlutverk hans yrði svona stórt?

„Já og nei. Ég bjóst alveg við því að fá sénsinn en það er undir mér komið hvernig ég spila og hvað mikið,“ sagði Haukur sem er að vonum ánægður með frammistöðu sína í vetur.

### Leggur metnað í varnarleikinn

Meðal þess sem stendur upp úr í leik Hauks er hversu sterkur varnarmaður hann er. Það sást bersýnilega í sigrinum á FH þar sem Haukur var með 14 löglegar stöðvanir [þegar leikmaður brýtur á mótherja án þess að fá refsingu] og stal boltanum í þrígang samkvæmt HBStatz. Haukur segist leggja mikinn metnað í vörnina.

„Ég geri það. Hún er alveg jafn mikilvæg og sóknin. Ég hugsa þannig. Ég hef alltaf lagt mikla vinnu í að æfa vörn,“ sagði Haukur. Þjálfari hans er að vonum ánægður með hvernig strákurinn spilar vörnina.

„Maður segir við þessa stráka að ef þeir ætla að komast langt er svo dýrmætt að vera sterkir á báðum endum vallarins. Það er alveg hægt að vera hálfur leikmaður en leikurinn er orðinn svo hraður að það er erfitt að skipta mikið,“ sagði Patrekur.

„Ég er virkilega sáttur. Liðið er búið að spila mjög vel heilt yfir. Það eru flottir hlutir í gangi,“ sagði Haukur sem viðurkennir að það hafi tekið smá tíma að venjast hraðanum og hörkunni í meistaraflokki. „Þetta er aðeins öðruvísi bolti, fastari og þyngri menn. Það hefur gengið ágætlega að venjast því.“

Haukur stefnir hátt en er á sama tíma með báða fætur á jörðinni.

„Draumurinn er að fara út í atvinnumennsku og spila með landsliðinu. En núna hugsa ég bara um að ná árangri með Selfossi. Ég er alveg rólegur og hugsa bara um næsta leik,“ sagði Haukur.

Patrekur Jóhannesson, þjálfari Selfoss, hafði ekkert nema gott um Hauk að segja þegar Fréttablaðið leitaði álits hjá honum.

„Þetta er fyrirmyndar ungur maður. Hann hefur verið frábær og ég skil vel að það sé byrjað að taka verulega eftir honum. Hann lifir fyrir íþróttina. Hann minnir mig svolítið á Nikola Bilyk hjá Kiel, hvernig hann sinnir íþróttinni. Hann er í akademíunni hjá mér og æfir aukalega fjórum sinnum í viku,“ sagði Patrekur en Bilyk spilar hjá honum í austurríska landsliðinu.

„Það sem kemur manni hvað mest á óvart er hvað hann er kominn langt varðandi leikskilning og stöðumat. Það finnst mér svolítið magnað. Svo er hann með gott fólk í kringum sig og í góðu umhverfi,“ sagði Patrekur en Haukur kemur úr mikilli handboltafjölskyldu. Systir hans, Hrafnhildur Hanna, er ein fremsta handboltakona þjóðarinnar. Hún leikur með Selfossi líkt og systir hennar, Hulda Dís. Bróðir þeirra, Örn, er svo þjálfari kvennaliðsins.

> Það var klárt mál að ég ætlaði að nota hann en átti ekki von á því að það yrði svona mikið.
>
> Patrekur Jóhannesson, þjálfari Selfoss



Þegar Patrekur tók við Selfossi í sumar sá hann ekki fyrir að hlutverk Hauks yrði svona stórt.

„Alls ekki. Það var klárt mál að ég ætlaði að nota hann en átti ekki von á því að það yrði svona mikið. En ég sá fljótt hvað hann er góður. Hann á alveg fyllilega skilið að spila,“ sagði Patrekur en Haukur spilaði nánast allan tímann gegn FH.

Patrekur er sannfærður um að Haukur geti komist í fremstu röð.

„Hann getur komist í landsliðið og í topplið í atvinnumennsku, alveg pottþétt. Ekki strax en þegar hann er orðinn svona 20-21 árs gæti hann farið út og spilað í þýsku deildinni. Að mínu áliti getur hann það. Hann er framtíðarlandsliðsmaður,“ sagði Patrekur að lokum.

ingvithor@365.is

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

### E-riðill

**Sevila - Liverpool 3-3**
0-1 Roberto Firmino (2.), 0-2 Sadio Mane (22.), 0-3 Firmino (30.), 1-3 Wissam Ben Yedder (51.), 2-3 Ben Yedder (víti 60.), 3-3 Guido Pizarro (93.).

**Spartak - Maribor 1-1**
1-0 Ze Luis (82.), 1-1.Jasmin Mesanovic (92.).

**Staðan:** Liverpool 9, Sevilla 8, Spartak 6, Maribor 2.

### F-riðill

**Man. City - Feyenoord 1-0**
1-0 Raheem Sterling (88.).

**Napoli - Shakhtar 3-0**
1-0 Lorenzo Insigne (56.), 2-0 Piotr Zielinski (81.), 3-0 Dries Mertens (83.).

**Staðan:** Man. City 15, Shakhtar 9, Napoli 6, Feyenoord 0.

### G-riðill

**Besiktas - Porto 1-1**
0-1 Felipe (29.), 1-1 Anderson Talisc (41.).

**Monaco - RB Leipzig 1-4**
0-1 Jemerson (sjálfsm. 6. ), 0-2 Timo Werner (9.), 0-3 Werner (víti 31.), 1-3 Radamel Falcao (43.), 1-4 Naby Keita (45.).

**Staðan:** Besiktas 11, Porto 7, RB Leipzig 7, Monaco 2.

### H-riðill

**Dortmund - Tottenham 1-2**
1-0 Pierre-Emerick Aubameyang (31.), 1-1 Harry Kane (49.), 1-2 Son Heung-Min (76.).

**APOEL - Real Madrid 0-6**
0-1 Luka Modric (23.), 0-2 Karim Benzema (39.), 0-3 Nacho Monreal (41.), 0-4 Benzema (45.), 0-5 Cristiano Ronaldo (49.), 0-6 Ronaldo (54.).

**Staðan:** Tottenham 13, Real Madrid 10, Dortmund 2, APOEL 2.

*Real Madrid og Besiktas eru komin áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar.*

### TVEIR NÝIR FIFA-DÓMARAR



Ísland hefur eignast tvo nýja FIFA-dómara, þau Bríeti Bragadóttur og Ívar Orra Kristjánsson. Bríet hefur heldur betur átt gott ár en hún dæmdi bikarúrslitaleik á Íslandi fyrst kvenna og var svo valin besti dómari Pepsi-deildar kvenna af leikmönnum deildarinnar eftir tímabilið. Auk þeirra Ívars Orra eru Vilhjálmur Alvar Þórarinsson, Þorvaldur Árnason og Þóroddur Hjaltalín á listanum yfir íslenska FIFA-dómara.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Qarabag - Chelsea | Sport |
| 19.05 | Stjarnan - Haukar | Sport 5 |
| 19.15 | Meistarad.messan | Sport |
| 19.40 | Basel - Man. Utd. | Sport 2 |
| 19.40 | PSG - Celtic | Sport 3 |
| 19.40 | Juventus - Barcelona | Sport 4 |
| 19.40 | Spurs - Real Madrid | Sport 3 |
| 21.45 | Meistarad.mörkin | Sport |

**Olís-deild karla í handbolta:**
19.00 ÍBV - Fram
19.30 FH - Stjarnan

**Domino's-deild kv. í körfubolta:**
19.15 Stjarnan - Haukar
19.15 Skallagrímur - Njarðvík
19.15 Breiðablik - Valur
19.15 Keflavík - Snæfell




www.honda.is

Nú er tækifærið til að kaupa Honda CR-V, mest selda borgarjeppa í heimi með stórglæsilegum aukapakka, í boði fram að jólum. Eða velja einn lipran, sprækan, sparneytinn og gullfallegan úr Honda-fjölskyldunni sem koma allir með stórum aukahlutapakka algjörlega að eigin vali. Honda, allt annað og meira.

BERNHARD

Vatnagörðum 24–26 · 104 Reykjavík · Sími 520 1100 · www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

## Merkisatburðir

**1286** Hópur grímuklæddra manna drap Eirík klipping Danakonung að næturlagi í hlöðu þar sem hann hafði leitað sér skjóls í veiðiferð.

**1357** Nóvemberuppgjörið þar sem Eiríkur Magnússon fékk enn stærri hluta Svíþjóðar.

**1617** Akmeð 1. Tyrkjasoldán lést og bróðir hans Mústafa 1. tók við.

**1888** Mikið tjón varð vegna óveðurs og stórflóðs um suðvestanvert landið.

**1907** Í Reykjavík fengu giftar konur kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórnar og nýttu sér það nokkrum mánuðum síðar.

**1907** Vegalög voru staðfest og kváðu þau á um að vinstri umferð væri í gildi á Íslandi. Var sú ákvörðun tekin með tilliti til kvenna, sem riðu í söðli, en þær höfðu báða fætur á vinstri hlið hestsins og hentaði vinstri umferð því betur. Hægri umferð gekk í gildi 26. maí 1968.

**1909** Björn Jónsson, ráðherra Íslands, vék bankastjórn Landsbankans úr starfi „sökum margvíslegrar, megnrar og óafsakanlegrar óreglu í starfsemi yðar í stjórn bankans og frámunarlega lélegs eftirlits með honum“.

# Glerhjúpur Hörpu kom kláraður af teikniborðinu

**Á þessum degi fyrir tíu árum lagði listamaðurinn Ólafur Elíasson lokahönd á hönnun glerhjúps á tónlistar- og ráðstefnuhús nokkurt í miðbæ Reykjavíkur. Þetta hús er að sjálfsögðu Harpa og hefur þessi glerhjúpur sett sterkan svip á Reykjavík síðan þá.**


**Hér má sjá umræddan glerhjúp í byggingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í dag fyrir sléttum tíu árum var hulunni svipt af hönnun listamannsins Ólafs Elíassonar en um var að ræða tveggja milljarða króna glerhjúp sem átti að þekja tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu og margir íbúar höfuðborgarsvæðisins kannast óneitanlega við í dag. Þetta var lokaspretturinn í útliti tónlistarhússins og setti algjörlega punktinn yfir i-ið í að skapa húsinu sérstakt útlit.

Í grein í Fréttablaðinu þennan dag var því spáð að þessi nýja bygging mundi verða gríðarsterkt kennileiti í borginni – það má alveg fullyrða að þessi spádómur hafi ræst, þó svo megi kannski deila um hversu mikla spádómsgáfu hafi þurft til að fá þá niðurstöðu.

Harpa var hönnuð með íslenska náttúru sem fyrirmynd og þar leikur glerhjúpurinn stórt hlutverk – glerkubbarnir sjálfir minna á stuðlaberg og litabreytingarnar í lýsingu hússins geta hermt eftir hinum ýmsu litbrigðum í náttúru landsins. Menn hafa þó smám saman leikið sér töluvert meira með lýsinguna, meðal annars hefur hún verið notuð til að spila tölvuleiki og herma eftir jólaljósum.

Þórhallur Vilhjálmsson, þáverandi markaðs- og kynningarstjóri Eignarhaldsfélagsins Portus hf. sem reisti Hörpuna á sínum tíma, sagði það mjög óvenjulegt að arkitektúr sé pakkað inn í listaverk og að efast mætti um að síðari kynslóðir myndu koma upp byggingu í Reykjavík sem jafnaðist á við Hörpuna í arkitektúr. Líklega er óhætt að halda slíku enn fram, þó að margir geti eflaust deilt á kaffistofum landsins um verðmiðann á þessari byggingu og hvort hún standist alla fagurfræðilega staðla sem á kaffistofum eru settir.

**stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Bára Björg Oddgeirsdóttir**
Álftamýri 19, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 20. nóvember sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Gregor Þorsteinsson**
**Kristín Birgitta Gunnarsdóttir** **Marteinn Stefánsson**
**Helga Gregor Gunnarsdóttir** **Jónas Þórðarson**
**Katrín Erla Gregor Gunnarsd.** **Elís Rúnarsson**
**og ömmubörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,

**Sigurður Sigurðsson**
frá Kolsstöðum, til heimilis að Dúfnahólum 6,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 4. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Eygló Benediktsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurborg Hlíf Magnúsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,

sem lést 13. nóvember sl. verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 23. nóvember kl. 13.

**Jón Kr. Óskarsson**
**Sigríður Ósk Jónsdóttir** **Ólafur S. Björnsson**
**Magnús R. Jónsson**
**Ásdís S. Jónsdóttir** **Sigurður H. Ívarsson**
**Óskar S. Jónsson** **Kristín Stefánsdóttir**
**Sigurbjörg G. Jónsdóttir** **Jón Ragnar Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Þorsteinsson**
læknir, Hvassaleiti 73,

lést á Landspítalanum 15. nóvember. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 23. nóvember kl. 13.

**Sigríður Jónsdóttir** **Ólafur Örn Thoroddsen**
**Eiríkur Jónsson** **Petrína Úlfarsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Aðalsteinn Þorgeirsson**
**Ingunn Jónsdóttir**
**Þórunn Jónsdóttir** **Enes Cogic**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnlaugur Skúlason**
dýralæknir, Furugrund 24, Selfossi,

lést sunnudaginn 19. nóvember á Sjúkrahúsi Suðurlands.

**Renata Vilhjálmsdóttir**
**Barbara Gunnlaugsdóttir** **Thomas Schwarzlose**
**Helga Gunnlaugsdóttir** **Óskar Þór Jóhannsson**
**Elín Gunnlaugsdóttir** **Bjarni Harðarson**
**Skúli Tómas Gunnlaugsson**
**Hákon Páll Gunnlaugsson** **Karen Kristjana Ernstsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Hvíl í friði.
Ástkær sonur okkar, bróðir, móðurbróðir og mágur,

**Kristófer Róbert Helgason**

lést af slysförum í Hollandi þriðjudaginn 31. október 2017. Jarðarförin hefur farið fram að viðstaddri fjölskyldu og vinum.
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Helgi Pétursson** **Lísa María Pétursson**
**Linda Dóra Helgadóttir** **Samuel Brown**
**Emilía Ýr Samúelsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðrún Guðmundsdóttir**

lést á Hrafnistu 13. nóvember sl. Útförin fer fram frá Áskirkju 4. desember kl. 13.00.

**Kristinn K. Dulaney** **Guðný Árnadóttir**
**Guðjón Sólmundsson** **Sigríður K. Samúelsdóttir**
**Margrét Sólmundsdóttir** **Björn Arason**
**Magnús H. Sólmundsson** **Þóranna Halldórsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og tengdasonur,

**Úlfar Þór Indriðason**
framkvæmdastjóri,

lést sunnudaginn 19. nóvember á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Þórdís Wium**
**Yrsa Úlfarsdóttir** **Pétur Pétursson**
**Hringur Úlfarsson**
**Baldvin Narfi Úlfarsson**
**Hrafnkell Úlfur Úlfarsson**
**Indriði Úlfsson** **Helga Þórólfsdóttir**
**Svanhvít Aðalsteinsdóttir**

---



✝

Stórkostleg eiginkona mín, mamma okkar og amma,

**Signý Magnfríður Jónsdóttir**
bóndi og handverkskona á Gróustöðum,

sem lést föstudaginn 10. nóvember á Landspítala, verður jarðsungin frá Garpsdalskirkju laugardaginn 25. nóvember kl. 12.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð kvenlækningadeildar Landspítala.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bergsveinn Reynisson**
**Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir**
**Jón Ingiberg Bergsveinsson**
**og barnaböm.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir afi og langafi,

**Rafn Kristján Hólm Viggósson**
áður til heimilis að Ljósheimum 14, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

**Guðjón Þór Rafnsson**
**Guðrún Jóhanna Rafnsdóttir**
**Rafn Rafnsson**
**Viðar H. Eiríksson**
**tengdabörn, börn og barnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. nóvember 2017 | 43. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# MS berst á nokkrum vígstöðvum

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, segir árið hafa verið umbrotasamt. Selur skyr í 5.500 verslunum í Bandaríkjunum og ætlar inn á nýja markaði. Hefur gagnstefnt Samkeppniseftirlitinu. » 6



» 2

## Kísilverið kostar Arion 200 milljónir á mánuði

Kostnaður vegna reksturs United Silicon hefur numið um 200 milljónum í hverjum mánuði frá því að greiðslustöðvun hófst í ágúst. Framleiðsla kísilversins hefur legið niðri um langt skeið.

» 4

## Nýju íbúðirnar eru stærri og dýrari

Hagfræðingur hjá Landsbankanum segir nýjar íbúðir stuðla að frekari hækkun fasteignaverðs. Ekki sé verið að bjóða rétta vöru þar sem eftirspurn sé eftir litlum, ódýrum íbúðum.

» 10

## Ekkert að öfunda

„Seðlabankinn hefur ekki fært nein rök fyrir innflæðishöftunum sem standast skoðun en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nýlega sagt skýrt að innflæðishöftin séu óþörf hér á landi," segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA, í aðsendri grein.




# Kvika verður ráðgjafi við útboð Arion banka

Kvika fjárfestingabanki verður í hópi söluráðgjafa þegar ráðist verður í almennt hlutafjárútboð og skráningu Arion banka en stefnt er að því að það fari fram á fyrsta ársfjórðungi 2018. Ekki er búið að ganga frá endanlegu samkomulagi við Kviku en að sögn heimildarmanna Markaðarins sem þekkja vel til stöðu mála er gengið út frá því að bankinn verði á meðal þeirra innlendu aðila sem Kaupþing, sem á rúmlega 57 prósenta hlut í bankanum, hyggst fá til að annast sölu á hlut félagsins í fyrirhuguðu útboði Arion banka.



**Gengið er út frá því að Kvika banki og Fossar markaðir verði í hópi innlendra ráðgjafa Kaupþings við sölu á hlut félagsins í Arion banka gegnum hlutafjárútboð.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fossar markaðir verða einnig í þeim hópi en hlutverk verðbréfafyrirtækisins verður fyrst og fremst að safna fjárfestaloforðum frá þeim erlendum sjóðum sem hafa verið umsvifamiklir í fjárfestingum í skráðum félögum í Kauphöllinni síðustu misseri. Frá því í ársbyrjun 2016 nemur innflæði í skráð hlutabréf um 60 milljörðum og hefur sú fjárfesting erlendra sjóða að stærstum hluta komið í gegnum hlutabréfamiðlun Fossa.

Ekkert varð af útboði og skráningu Arion banka í nóvember á þessu ári, eins og áður hafði verið lagt upp með, vegna stjórnarslita og í kjölfarið kosninga til Alþingis sem fóru fram í lok síðasta mánaðar. Nú gerir Kaupþing ráð fyrir því að útboðið geti farið fram eftir birtingu ársreiknings Arion banka um miðjan febrúar á næsta ári. Miðað við núverandi eigið fé Arion banka er bókfært virði 57,4 prósenta hlutar Kaupþings í bankanum um 127 milljarðar króna. Það er talsvert meiri hlutur en áformað er að selja í útboðinu en afar sennilegt er að Kaupþing kjósi að halda eftir um 20 til 25 prósenta hlut. Söluferli Kaupþings á Arion banka gengur undir vinnuheitinu *Project Cheval Blanc*, eða hvítur hestur, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Á meðal þeirra atriða sem Kaupþing þarf að ná samkomulagi um við nýja ríkisstjórn er endurskoðun á mögulegum forkaupsrétti ríkisins ef hlutur í Arion banka er seldur á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. Áður en kom til stjórnarslita Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar um miðjan september höfðu fulltrúar Kaupþings átt fjölmarga fundi með leiðtogum ríkisstjórnarinnar og embættismönnum í Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytinu í því skyni að ná samkomulagi um endurskoðun ákvæðisins um forkaupsrétt ríkisins. Sú vinna var hins vegar ekki langt á veg komin.

Samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings samþykktu haustið 2015 er gert ráð fyrir því að forkaupsréttur ríkisins sé endurskoðaður við opið hlutafjárútboð. Að öðrum kosti er enda talið að forkaupsrétturinn sem slíkur myndi valda óvissu og aftra fjárfestum frá þátttöku í útboðinu og þar með koma í veg fyrir að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram.

Auk Kaupþings og íslenska ríkisins, sem á 13 prósenta hlut sem Bankasýslan heldur utan um, eru stærstu hluthafar Arion banka vogunarsjóðirnir Attestor Capital, Taconic Capital, Och-Ziff Capital og fjárfestingabankinn Goldman Sachs. Keyptu erlendu fjárfestarnir tæplega 30 prósenta hlut í bankanum af Kaupþingi fyrr á árinu fyrir samtals um 49 milljarða. **– hae**



**Slökkt hefur verið á ofni United Silicon og framleiðsla legið niðri í verksmiðjunni um langt skeið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kísilverið kostar Arion 200 milljónir á mánuði

Kostnaður vegna reksturs United Silicon hefur numið um 200 milljónum króna í hverjum mánuði frá því að greiðslustöðvun hófst. Arion banki stendur undir kostnaðinum en framleiðsla kísilversins hefur legið niðri um langt skeið.

Kostnaður vegna reksturs United Silicon hefur að jafnaði numið í kringum 200 milljónir króna í hverjum mánuði frá því að kísilverksmiðjan fékk heimild til greiðslustöðvunar um miðjan ágúst síðastliðinn, samkvæmt heimildum Markaðarins. Það er Arion banki, stærsti hluthafi félagsins, sem ábyrgist rekstur kísilverksmiðjunnar á greiðslustöðvunartímanum og stendur þannig undir öllum kostnaði. Þar munar mest um greiðslur vegna launa- og raforkukostnaðar en einnig hefur bankinn þurft að leggja til umtalsverða fjármuni vegna greiningarvinnu og tæknilegrar úttektar í tengslum við fjárhagslega óreiðu og rekstrarerfiðleika fyrirtækisins.

Slökkt hefur verið á ofni verksmiðjunnar og framleiðsla legið niðri frá því í lok ágústmánaðar þegar Umhverfisstofnun ákvað að stöðva starfsemi kísilversins. Eitt ár er liðið frá því að verksmiðja United Silicon í Helguvík var ræst en frá þeim tíma hefur hvorki gengið né rekið. Tvívegis hefur komið upp eldur í verksmiðjunni og þá hafa fjölmargar kvartanir borist Umhverfisstofnun vegna mengunar frá kísilverinu. Í afkomutilkynningu Arion banka í síðustu viku var haft eftir Höskuldi Ólafssyni bankastjóra að nú liggi fyrir að verksmiðjan hafi ekki verið fullkláruð þegar hún var gangsett í nóvember í fyrra.

Heildarkostnaður Arion banka vegna reksturs United Silicon á greiðslustöðvunartímanum, sem rennur út 4. desember næstkomandi, mun því samtals nema yfir 600 milljónum króna. Gert er ráð fyrir því að það taki einhverja mánuði að koma verksmiðjunni í þannig stand að hægt verði að hefja þar framleiðslu á kísilmálmi. Bankinn hefur sagt að það þurfi að leggja til „verulega fjármuni“ til að fullklára verksmiðjuna en samkvæmt heimildum Markaðarins hleypur sú upphæð á milljörðum króna. Ekki er útilokað að United Silicon verði sett í þrot í byrjun næsta mánaðar þegar greiðslustöðvunartímabili félagsins lýkur.

**5,4**

**milljarðar er útistandandi skuldbinding Arion banka í dag gagnvart kísilverksmiðju United Silicon.**

### Afskrifað samtals 4,8 milljarða

Arion banki lánaði fyrirtækinu samtals um 8 milljarða króna. Um miðjan septembermánuð síðastliðinn gekk bankinn að veðum í félaginu og eignaðist um leið tvo þriðju hluta í verksmiðjunni. Í síðustu viku tilkynnti Arion banki að hann hefði fært niður lán, kröfur og aðrar eignir sem tengjast United Silicon að fjárhæð 3,7 milljarðar en áður hafði bankinn afskrifað að fullu hlutafé sitt í félaginu sem hafði verið bókfært á um milljarð króna. Útistandandi skuldbinding Arion banka í dag gagnvart kísilverksmiðjunni nemur um 5,4 milljörðum sem er um 2,4 prósent af eigin fé bankans.

Arion banki kærði Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóra og stofnanda United Silicon, til héraðssaksóknara í liðnum mánuði vegna gruns um refsiverða háttsemi. Bankinn hefur ekki viljað svara því á hvaða mögulega meintu brotum kæran byggist. Mánuði áður hafði stjórn fyrirtækisins kært Magnús til héraðssaksóknara vegna gruns um meint stórfelld auðgunarbrot og skjalafals allt frá árinu 2014, eða þegar framkvæmdir við kísilverið hófust. Magnús hefur mótmælt þeim ásökunum og sagt þær „rangar og tilhæfulausar“.

Í lok september fór stjórn kísilversins fram á kyrrsetningu á eignum Magnúsar hér á landi sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu samþykkti. Var það gert vegna bótakröfu sem fyrirtækið gerir á hendur Magnúsi. Stjórnin telur hann hafa dregið sér um hálfan milljarð króna með fölsuðum og tilhæfulausum reikningum. Magnús, ásamt þremur öðrum fyrrverandi hluthöfum kísilversins, hefur farið fram á að Héraðsdómur Reykjavíkur ógildi ákvörðun sýslumannsins um að synja beiðni þeirra um lögbann á yfirtöku Arion banka á hlutabréfum þeirra í fyrirtækinu.
**hordur@frettabladid.is**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




# Bæjarráð vill að ÁTVR fái að opna búð

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti í gær að leggja til við bæjarstjórn að ÁTVR fái leyfi í eitt ár til að reka vínbúð í Kauptúni við hlið Costco. Var þá bæjarstjóranum Gunnari Einarssyni falið að ræða við forsvarsmenn ÁTVR um starfsemi sérverslunar í miðbæ Garðabæjar.

Samkvæmt fundargerð bæjarráðsins lagðist skipulagsnefnd Garðabæjar ekki gegn því að vínbúð yrði opnuð í Kauptúni. Fréttablaðið greindi á laugardag frá áhyggjum nefndarmanna af auknu umferðarálagi vegna fyrirhugaðrar opnunar. Formaður hennar sagði þá að koma ÁTVR í hverfið kallaði á að framkvæmdum við breytingar á gatnakerfinu þar yrði hraðað. Furðaði nefndin sig á því að ÁTVR hefði ekki komið til móts við óskir bæjarins um að búðin yrði í miðbænum.



**ÁTVR gleymdi að sækja um leyfi fyrir nýju Vínbúðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Upphaflega stóð til að verslunin yrði opnuð í síðustu viku. Bæjarstjórn Garðabæjar taldi aftur á móti að ÁTVR þyrfti að sækja um sérstakt leyfi þar sem fyrra leyfi fyrir Vínbúð í bænum, sem var lokað fyrir þó nokkrum árum, var bundið við verslunar- og þjónustukjarnann Garðatorg. Búast má við að afstaða til umsóknar fyrirtækisins verði tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar síðar í vikunni. **– hg**


E
yrún Huld Árnadóttir
Áður óvinnufær vegna kvíðaröskunar. Nú heilsumarkþjálfi og starfsmaður í leikskóla.
MEÐ TROMP Á HENDI FRÁ VIRK
Þegar einstaklingur missir starfsgetu vegna slyss eða veikinda snýr VIRK spilinu við með markvissri uppbyggingu og sérfræðistuðningi. Fjölbreyttur hópur fagaðila um allt land vinnur að árangursríkri starfsendurhæfingu sem skilar sterkum einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn.
VIRK
Starfsendurhæfingarsjóður
Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík, sími 535 5700
www.virk.is
E
yrún Huld Árnadóttir
Eyrún er með BS próf í ferðamálafræði. Hún glímdi við erfiða kvíðaröskun en náði að ljúka mastersprófi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. Með aðstoð VIRK náði hún tökum á daglegu lífi.



Nýtt húsnæði mun halda fasteignaverði uppi að mati Landsbankans og árið 2017 enda í 19 prósenta hækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýju íbúðirnar eru stærri og dýrari






**Hagfræðingur hjá Landsbankanum segir nýjar íbúðir stuðla að frekari hækkun fasteignaverðs. Ekki sé verið að bjóða rétta vöru þar sem eftirspurn sé eftir litlum og ódýrum. Spáir 8,5% verðhækkun á næsta ári.**

„Nýju íbúðirnar sem eru að koma inn á markaðinn eru að meðaltali bæði stærri og dýrari og munu stuðla að því að fasteignaverð lækki ekki. Það er því ekki verið að bjóða rétta vöru því eftirspurnin er mest eftir einföldum, litlum og ódýrum íbúðum,“ segir Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum, sem mun í dag fjalla um áhrif fasteignaverðs á stöðugleikann í efnahagslífinu á Hagspárfundi bankans í Hörpu.

„Það er greinilegt að það er verið að byggja núna stærri íbúðir en meðaltalið af því sem verið er að selja af eldra. Verðin eru hærri og því ekki nógu mikið spáð í hvað vantar. Meðalíbúðin nýja er miklu stærri en sú gamla sem verið er að selja. Að hluta til borgar sig ekki að byggja minni íbúðirnar og svo er hluti af þessu þétting byggðar þar sem menn eru að byggja á dýrari hátt. Umhverfið, lóðirnar og framkvæmdin eru þá dýrari. Væntanlega er þetta þannig að þú getir ekki byggt litlar og ódýrar og hagkvæmar íbúðir nema þú fáir lóðir á lágu verði einhvers staðar í útjaðri byggðar. Þú gerir það ekki í miðborgum þar sem allt er dýrara.

Það er það sem stendur upp úr þessa stundina en einnig að grunnur markaðarins er traustari núna en á árunum fyrir hrun þrátt fyrir að verðin hafi hækkað þetta mikið. Þá er ekki ástæða til að hafa áhyggjur.“

Ari bendir á að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 12,5 prósent frá október 2016 og til aprílmánaðar. Næstu sex mánuðina á eftir hafi hækkunin aftur á móti numið 4,5 prósentum. Frá miðju ári 2016 hafi verðþróunin því verið „út úr korti“ en nú hafi markaðurinn róast.

## Viðskipti með nýjar og eldri íbúðir

**Verðhækkun íbúða milli 2016 og 2017**




**Hlutfall nýrra íbúða af viðskiptum**




**Heimild: Þjóðskrá Íslands/Landsbankinn**

„Við vorum lengi að sjá tíu prósenta árshækkun í fjölbýli en svo rýkur hún upp seinni hluta ársins í fyrra og fer upp í 20 prósent í vor. Síðan hefur hægt verulega á. Þetta er hrein og klár vísbending um að verðin séu að komast inn í annan fasa. Þau eru að hækka minna en áður og við trúum því reyndar að það verði þannig. Markaðurinn er augljóslega heilbrigðari nú en fyrir tíu árum. Húsnæðisverðin hanga miklu meira í þróun atvinnutekna og kaupmáttar launa. Hér áður fyrr var verðið langt fyrir ofan tekjurnar. Svo sá maður á árunum 2001-2007 að útlán til heimila fylgdu húsnæðisverðinu vel eftir og fóru fram úr því sem er allt önnur mynd en núna. Núna hafa skuldir heimilanna minnkað og augljóst að þessi hækkun og kaup eru fjármögnuð öðruvísi. Tekjuaukinn núna er miklu heilbrigðari og byggir á betri kaupmætti, en áður fyrr var þetta tekjuauki sem var lánsfjármagnaður og allt kerfið fjármagnað með erlendum lánum sem stóð aldrei undir sér. Staðan er því allt öðruvísi núna.“

Hagfræðideild Landsbankans spáir nú 19 prósenta hækkun fasteignaverðs í ár. Á næsta ári verði hún upp á 8,5 prósent, sjö prósent árið 2019 og sex á árinu 2020. Fleiri íbúðir koma nú inn á markaðinn og staldra lengur við og fasteignaviðskiptum fer fækkandi.

„Það þyrfti að fá inn útlánaukningu og verulegar launahækkanir, vinnumarkaði sem er allt öðruvísi en hann hefur verið upp á síðkastið, til að þetta fari aftur á sama stað. Ég hugsa að það gerist ekki og að þetta verði rólegra. Verðin munu þó ekki lækka því að nýja húsnæðið sem kemur inn tryggir að það verði spenna upp á við. Þó að verðin hafi hækkað svona mikið erum við ekki að fara að sjá lækkanir.“

Ari segir að lokum að það sé ótrúleg staða að hér skorti haldbærar upplýsingar um byggingarstarfsemi og þá hversu mikið verktakar eru að byggja af nýju húsnæði og hvar.

„Ég er búinn að vera í þessum bransa í tólf ár og þegar ég byrjaði rakst ég alltaf á það að engar upplýsingar væru til um hvað væri verið að byggja mikið. Síðan eru liðin öll þessi ár og ekkert hefur breyst. Það veit enginn neitt um þetta og það að við þurfum að byggja á upplýsingum frá Samtökum iðnaðarins, sem keyra um og telja alveg eins og við gerðum í Landsbankanum fyrir tíu árum, er alveg ótrúlegt miðað við þróun samfélagsins. Sveitarfélögin eru ekki að gefa frá sér upplýsingarnar og það er vandamálið.“

haraldur@frettabladid.is




# EINRÓMA LOF

*Virkilega vel skrifuð saga og grípandi.
Einlæglega miskunnarlaus
en samt svo full af hlýju.
Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið
sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

*Með því besta og fallegasta
sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**

*Syndafallið er áleitin saga föður höfundar,
falleg og nærgöngul þannig að lesandinn
sogast inn í skrautlega en elskulega
fjölskyldusögu sem lætur engan ósnortinn.
Saga um að skilja og elska fjölbreytileikann.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Efni syndafallsins er mergjað
og mannlýsingarnar með.
Bók sem heldur lesandanum
við efnið frá upphafi til enda.*
**Steinunn Sigurðardóttir**

★ ★ ★ ★ ★
*Mikael er einlægur, opinn og kemur
hreint fram í þessari fantagóðu bók!
Hann fékk mig til að gráta, hlægja, reiðast
og stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**
**Kollster's review**

*Saga um dauða full af lífskrafti,
ást og mögnuðum mannlýsingum.
Stundum er lífið mesti skáldskapurinn
og þessi saga er vitnisburður um það.*
**Auður Jónsdóttir**

*Bók sem ekki er hægt að leggja
frá sér fyrr en hún er búin.
Það sem er svo heillandi
við frásögnina er hvað hún er
hreinskilin og heiðarleg.*
**Marta María Jónasdóttir**

★ ★ ★ ★ ½
*Sagan sem Mikael
er að segja okkur
er mikilvæg og hana
ættu allir að lesa.*
**Hildigunnur Þráinsdóttir**
**Morgunblaðið**

*Frásögnin smýgur gegnum merg og bein.
Hún er ógnandi og fögur í senn.*
**Vigdís Grímsdóttir**

*Stórkostlega skrifuð bók.*
**Sigmundur Ernir Rúnarsson**






sögur ÚTGÁFA



Ari Edwald, forstjóri MS, sakar Samkeppniseftirlitið og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fráfarandi landbúnaðarráðherra, um að hafa beitt blekkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skyr MS í 5.500 verslunum vestanhafs

**Forstjóri Mjólkursamsölunnar segir að sala fyrirtækisins sé undir væntingum og að áhrif Costco séu talsverð. Fyrirtækið ætlar inn á nýja markaði og alla leið til Asíu. Samkeppniseftirlitið rekur mál gegn MS í héraði og fyrirtækið gagnstefndi stofnuninni síðasta vor.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar (MS), segir útlit fyrir að rekstur fyrirtækisins verði undir væntingum á þessu ári enda hafi sumarið verið umbrotasamt. Opnun Costco og aukin ferðalög Íslendinga erlendis hafi átt stóran þátt í samdrætti í sölu á vörum MS á sama tíma og fyrirtækið kynnti sitt nýja vörumerki Ísey skyr. Það er nú selt í tíu Evrópulöndum en fyrirtækið stefnir á að löndin verði 30 fyrir árslok 2020 og skyrið þá fáanlegt í Rússlandi, Kína og Ástralíu.

„Þetta ár hefur að mörgu leyti þróast ágætlega. Það eru margir spennandi hlutir í gangi og eins og á undanförnum árum er vörunum vel tekið, vöruþróunin lífleg og margar nýjungar á ferðinni. Við höfum lagt áherslu á að auka erlenda starfsemi og virðisauka af henni. Þar er ekki aðeins um beinan vöruútflutning að ræða heldur einnig þekkingar- eða viðskiptaútflutning. Próteinverksmiðjan á Sauðárkróki markar svo kaflaskil í okkar starfsemi. Með henni náum við að nýta betur hráefni og skila miklum árangri í umhverfismálum á viðskiptalegum grundvelli,“ segir Ari og vísar til verksmiðju Heilsupróteins ehf. sem MS og Kaupfélag Skagfirðinga tóku í notkun um miðjan síðasta mánuð.

### Of fáar vörur í Costco

*Hvernig gengur útflutningur ykkar og inn á hvaða markaði stefnið þið?* „Við höfum unnið með mismunandi módel í viðskiptum með skyr erlendis. Fyrstu samningar sem við gerðum voru framleiðslusamningar í Danmörku (2008) og Noregi (2010) þar sem samstarfsaðilar framleiddu undir eigin merki. Svo höfum við verið með sampökkun (e. co-packing) eða keypt skyr sem er framleitt á Jótlandi í Danmörku og selt það áfram í löndum eins og Finnlandi. Nú erum við að horfa til þess að selja þaðan skyr til fleiri Evrópulanda og svo eru það Bandaríkin sem við höfum nálgast með eignarhaldi í fyrirtæki með fjárfestum. Eftir að við kynntum heildstætt vörumerki, eða Ísey skyr, náum við að miðstýra betur hvernig skyrið er selt og stjórna þróun vörumerkisins.

Á grundvelli þeirrar vinnu erum við að gera vörumerkjasamninga (e. brand licensing), sem verða aðalformið til framtíðar. Þar leggjum við til skyrgerilinn ásamt uppskriftum og framleiðsluþekkingu en einnig markaðsefni fyrir samstarfsaðila. Þeir byggja þá verksmiðjur og sjá um sölu og dreifingu á sínu svæði og borga okkur hærri prósentu en í framleiðslusamningum. Við höfum verið að gera slíka samninga á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu. Samningaumleitanir eru einnig í gangi í Rússlandi, Japan og Kína, svo dæmi séu nefnd. Það er mikill áhugi víða að og til dæmis frá Indlandi en það er skemmra á veg komið.“

MS var stofnað í núverandi mynd árið 2007 en rekur rætur sínar til ársins 1927. Fyrirtækið hefur fengið vilyrði fyrir 40 þúsund fermetra lóð á Hólmsheiði við Suðurlandsveg þar sem reisa á nýjar höfuðstöðvar en núverandi húsakostur er í eigu Auðhumlu, langstærsta eiganda MS.

„Þótt gríðarleg hagræðing hafi verið knúin fram, voru sum fyrirtækin sem sameinuðust í MS veikburða fjárhagslega. Fyrstu árin var talsvert tap og samanlagt er ekki enn orðinn hagnaður af starfseminni allar götur frá árinu 2007, en þetta hefur þó verið að þokast í rétta átt.

Nú eru ýmsar blikur á lofti og umbrot einkennt árið að mörgu leyti. Opnun Costco síðastliðið vor hafði veruleg áhrif. Þótt Costco sé með vörur frá MS þá eru þeir með mun minna úrval af mjólkurvörum en gengur og gerist. Þegar fólk verslar þar dregur það því úr sölu á okkar vörum almennt. Það færðist ró yfir ferðamannaverslunina í vor og framan af sumri og svo hafa Íslendingar verið mikið á ferð og flugi. Sterk staða krónunnar spilar einnig inn í og aukin samkeppni frá staðkvæmdarvörum, alls kyns drykkjum og próteinvörum. Þannig að salan var undir væntingum í sumar. Það hefur verið að jafna sig, en árið í heild verður þó undir þeim væntingum sem maður hafði. Vonandi þó réttum megin við núllið,“ segir Ari.

> **Samanlagt er ekki enn orðin hagnaður af starfseminni allar götur frá árinu 2007, en þeta hefur þó verið að þokast í rétta átt.**

*Hafið þið rætt við Costco um að auka vöruúrvalið frá ykkur?* „Costco ákveður hvað fyrirtækið vill vera með mikið af vörutegundum. Þeir eru með um 40 vörunúmer í mjólkurvörum og við í sjálfu sér með ágætt hlutfall af þeim fjölda. En það er ólíku saman að jafna við lágvöruverðskeðju eins og Bónus, sem er með yfir 200 vörunúmer þrátt fyrir mjög lága álagningu. Mjólkurvörur skipa stóran sess í innkaupakörfum og því skiptir það miklu máli fyrir söluna hversu breitt vöruúrvalið er.“

### Framleiða í New York

MS og aðrir eigendur bandaríska fyrirtækisins Icelandic Provisions Inc. hófu framleiðslu á skyri fyrir Bandaríkjamarkað í uppsveitum New York í febrúar síðastliðnum. Þegar Markaðurinn fjallaði um fyrirtækið í lok mars var skyrið selt í 3.300 verslunum vestanhafs en Ari segir að nú tæpum átta mánuðum síðar séu þær tæplega 5.500. Bandaríska fyrirtækið hóf sölu í ársbyrjun 2016 en skyrið var í fyrstu flutt út frá afurðastöð MS á Selfossi.

„Það verkefni gengur mjög vel. Þar fær MS ekki prósentur af sölu heldur lögðum við inn okkar þekkingu og aðstoð og erum með 18 prósenta eignarhlut. Fyrirtækið fór af stað í ársbyrjun 2016 og er í örum vexti, salan er 2,5 sinnum meiri núna en fyrir ári.“

*Hefði eftir á að hyggja ekki verið betra ef skyrið í Bandaríkjunum bæri nafnið Ísey, eins og önnur skyrútrás MS gerir nú, en ekki Icelandic Provisions?* „Verkefnið var komið á legg áður en vörumerkið Ísey skyr kom til svo við erum þarna að vinna með annað vörumerki en víðast hvar. Við erum þó að vinna með ákveðnar tengingar á heimasíðum og jafnvel umbúðum og aldrei að vita nema það þróist frekar í samræmi við þá fótfestu sem vörumerkin ná. Salan verður eitthvað á annan milljarð króna á þessu ári og miðað við þróunina í fjölda verslana og slíkt má ætla að hún tvöfaldist á næsta ári og vaxi hratt áfram. Það verða þó einhver misseri þar til félagið verður arðbært.“

*Nú hefur MS í gegnum tíðina reynt að fá staðfestan einkarétt fyrirtækisins á orðinu „skyr“ og skrásett það sem orðmerki í Noregi og Finnlandi. Finnskur dómstóll féllst nú í sumar á kröfur sænska mjólkurrisans Arla um að einkarétturinn yrði felldur úr gildi og þið kynnið Ísey í kjölfarið. Hafið þið þá hætt tilraunum til að fá einkarétt á orðmerkinu skyr í útlöndum?* „Ísland er eina landið í heiminum þar sem skyrið hefur samfellt verið hluti af daglegum kosti. Eins og við vitum þekktist skyr annars staðar á Norðurlöndum við landnám. Samt sem áður hefur orðið skyr verið þekkt í norrænum málum sem tegundarheiti á þessari vöru og ekki bara hjá okkur. Þegar við vísum til skyrsögunnar er hún 1.100 ára og sú staðreynd styður ekki við þá skoðun að við sem fyrirtæki eigum einir tilkall til þessa orðs. Jafnvel þótt Íslendingar ættu orðið skyr þá ætti MS það ekki.

Þegar við vorum í okkar starfsemi að leggja áherslu á þekkingarviðskipti í skyri á heimsvísu varð ljóst að við þurftum að búa til vörumerki sem við ættum og gætum fengið skráð alls staðar. Skyr eitt og sér sem orðmerki eða vöruheiti var ekki þeim kostum búið. Það náðist hins vegar inn skráning á því sem orðmerki í Finnlandi og það gerði sitt gagn á meðan varan var að ná fótfestu. Áður en þeirri niðurstöðu var snúið við í Finnlandi vorum við búin að kynna Ísey vörumerkið og því vel undirbúin. Okkar framtíðarsýn er að selja skyrið alls staðar í heiminum undir því vörumerki, þó mögulega í samvinnu við önnur sterk vörumerki á tilteknum svæðum eins og í BNA og við höfum metnað til þess að þetta verði þekktasta skyr í heimi. Við höfum ekki sömu fjármuni og risafyrirtæki til að setja milljarða króna í að kynna okkar vörumerki. En við getum nýtt okkur ódýrari leiðir og verðum líka þekkt fyrir hvað er að seljast mikið af skyrinu enda munum við og okkar samstarfsaðilar selja um 100 milljónir dósa á þessu ári og það fer vaxandi. Þannig byggjast upp verðmæti á markaðnum sem við þurfum að verja í vörumerki sem við eigum óskorað.“

### Dómsmál næstu ár

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fráfarandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ætlaði áður en upp úr

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 22. NÓVEMBER 2017



Þórdís Baldursdóttir hönnuður tekur þátt í jólamarkaði Popup verzlunar í fyrsta sinn í desember. →4

365
LÁTTU EKKI SÍMANN PLATA ÞIG
365 er á sama farsímakerfi og Síminn en á mun lægra verði
11GB + ∞ SMS
2.590 KR.
Á mánuði
365.is | 1817
365



# Jólasmákökurnar renna úr ofninum

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hún er í fæðingarorlofi en er engu að síður komin í jólaskap og reynir að baka þegar tími gefst til. Hún gefur lesendum girnilegar jólauppskriftir. →2

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Framhald af forsíðu ➺

Eva Laufey segir að það séu forréttindi að vera heima með dætrum sínum, Kristínu Rannveigu, þriggja mánaða og Ingibjörgu Rósu, þriggja ára. Þar sem hún er mikið jólabarn reynir hún að gefa sér tíma til baksturs. „Ég baka alltaf sörur með vinkonum mínum, þær eru mitt uppáhald. Ég hef þær litlar og fallegar. Sörur eru eins og konfektmolar,“ segir Eva Laufey. „Núna ætla ég líka að prófa að baka kókostoppa eins og amma mín gerði. Það hef ég aldrei gert áður,“ segir hún.

Um þessar mundir eru vinsælir þættir Evu Laufeyjar og Gumma Ben um Ísskápastríðið sýndir á Stöð 2 en á næsta ári fer hún aftur í loftið með Matargleðina. Eva Laufey geislar á skjánum ekki síður en faðir hennar, Hermann Gunnarsson, gerði á sínum tíma. „Mér hefur alltaf þótt áhugavert að vinna við sjónvarp. Ætli það sé ekki í genunum,“ segir hún en Eva Laufey fær líka stórkostleg viðbrögð við uppskriftum sem hún setur inn á Facebook.

Eva Laufey og eiginmaður hennar, Haraldur Haraldsson, ætla að halda eigin jól í ár í fyrsta skipti. „Við höfum alltaf haldið aðfangadag með foreldrum okkar en nú ætlum við að breyta því. Það verður innbökuð nautalund í aðalrétt. Við erum dugleg að hitta fjölskylduna okkar á aðventunni enda er ég mikið jólabarn og mikil fjölskyldumanneskja,“ segir Eva Laufey sem gefur hér æðislegar uppskriftir að jólakökum, meðal annars vinsælum piparköku-bollakökum með karamellukremi.

## Ómissandi sörur

Sörur eru ómissandi í desember og þær eru í sérstaklega miklu uppáhaldi hjá mér og minni fjölskyldu. Ég byrja yfirleitt á því að baka þessar kökur fyrir jólin en það er svo gott að vera búin að því og geta fengið sér eina og eina í desember. Það er einnig svo gott að eiga þær í frystinum og geymast þær mjög vel. Ég ætla að deila með ykkur uppskriftinni sem ég geri alltaf fyrir jólin en uppskriftin er frá mömmu minni, þær eru aðeins grófari vegna þess að við notum heslihnetur í botninn en auðvitað má skipta þeim út fyrir möndlur.

### Botn

**4 eggjahvítur**
**230 g heslihnetur (eða möndlur)**
**230 g flórsykur**

Hitið ofninn í 180°C. Hakkið heslihneturnar eða möndlurnar í matvinnsluvél.
Stífþeytið eggjahvíturnar þar til hægt er að hvolfa skálinni án þess að hvíturnar renni úr.
Blandið hnetunum og flórsykrinum varlega saman við eggjahvíturnar með sleikju. Mótið kökurnar með teskeið og setjið á pappírsklædda ofnplötu. Bakið í 10-12 mínútur.

### Krem

**4 eggjarauður**
**1 dl vatn**
**130 g sykur**
**250 g mjúkt smjör**
**2-3 msk. kakó**
**½ tsk. vanillusykur eða vanillu-extract**
**1 msk. sterkt uppáhellt kaffi**



Ómótstæðilegar sörur.



Bollakökur með karamellukremi.

Þeytið eggjarauðurnar.
Hitið vatn og sykur þar til það hitnar og verður að sírópi. Hellið sírópinu saman við eggjarauðurnar í mjórri bunu og haldið áfram að þeyta. Skerið smjörið í teninga og bætið út í.
Næsta skref er að bæta kakó, vanillu og kaffi út í kremið. Þeytið í svolitla stund eða þar til kremið verður silkimjúkt. Það er ágætt að smakka sig til á þessu stigi.
Kælið kremið áður en þið setjið það á kökurnar. Gott er að sprauta kreminu á kökurnar með sprautupoka eða nota teskeiðar til þess að smyrja kreminu á þær. Það er algjört smekksatriði hversu mikið af kremi fer á kökurnar.
Kælið kökurnar mjög vel, helst í frysti, áður en þær eru hjúpaðar.

### Hjúpur

**300 g súkkulaði, t.d. suðusúkkulaði**

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Dýfið kremhlutanum á sörunum ofan í súkkulaðið. Gott er að geyma kökurnar í frysti, takið þær út með smá fyrirvara áður en þið berið þær fram.

## Piparköku-bollakökur með karamellukremi

### Um 18-20 bollakökur

**250 g sykur**
**140 g mjúkt smjör**
**3 egg, ekki nota þau beint úr ísskápnum**
**250 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**2 dl rjómi**
**2 tsk. vanilla-extract eða vanillusykur (það er líka gott að nota fræin úr vanillustöng)**
**1 tsk. kanill**
**½ tsk. malaður negull**
**½ tsk. hvítur pipar**
**½ tsk. engifer krydd**
**Bollakökuform**

Hitið ofninn í 180°C. Þeytið saman smjör og sykur í um það bil þrjár mínútur, bætið einu og einu eggi saman við. Þeytið vel á milli. Sigtið saman hveiti og lyftiduft, bætið hveitiblöndunni, vanillu, rjómanum og kryddum saman við eggjablönduna og þeytið mjög vel í nokkrar mínútur þar til blandan verður silkimjúk. Skiptið deiginu niður í bollakökuform og bakið við 180°C í 15-18 mínútur. Kælið kökurnar mjög vel áður en þið smyrjið á þær kremi.

### Karamellukrem

**200 g mjúkt smjör**
**400 g flórsykur**
**2-3 msk. þykk söltuð karamellusósa**
**1 tsk. vanilla-extract eða vanillusykur**

Þeytið smjör og flórsykur saman í nokkrar mínútur, því lengur sem þið hrærið kremið því betri áferð verður á því. Bætið karamellu, kanil og vanillu út í og þeytið enn betur í 2-3 mínútur. Setjið kremið í sprautupoka og skreytið kökurnar að vild. Það er afar gott að rífa niður smá súkkulaði og skreyta kökurnar með súkkulaðibitum eða ferskum berjum.

### Söltuð karamellusósu

**200 g sykur**
**2 msk. smjör**
**½-1 dl rjómi**
**½ tsk. sjávarsalt**

Setjið sykurinn á pönnu og bræðið hann við vægan hita. Gott er að hafa ekki of háan hita og fara hægt af stað. Takið pönnuna af hellunni þegar sykurinn er allur bráðinn og bætið smjörinu saman við og hrærið vel. Hellið rjómanum út í karamelluna og hrærið þar til karamellan er þykk og fín. Í lokin bætið þið saltinu saman við.

## Oreo-smákökur

**110 g smjör**
**100 g hreinn rjómaostur**
**200 g sykur**
**1 egg**
**250 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**150 g súkkulaði**
**1 tsk. vanilla**
**1 pakki Oreo-kexkökur**
**100 g hvítt súkkulaði**

Hitið ofninn í 180°C. Þeytið smjör og rjómaost saman þar til blandan verður létt og ljós, bætið sykrinum saman við og einu eggi. Blandið hveitinu og lyftidufti út í og hrærið í 2-3 mínútur. Í lokin bætið þið vanillu og smátt söxuðu súkkulaði saman við og hrærið í smá stund. Geymið deigið í ísskáp í 10-15 mínútur.
Mótið litlar kúlur með teskeið og veltið kúlunum upp úr muldu Oreo-kexi. Setjið kúlurnar á pappírsklædda ofnskúffu og inn í ofn við 10-12 mínútur við 180°C. Það er afar gott að bræða hvítt súkkulaði og sáldra yfir kökurnar þegar þær koma út úr ofninum.



Oreo-kökur.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Í TILEFNI AF HEIMSÓKN STÍLISTA FRÁ GERRY WEBER BJÓÐUM VIÐ GLEÐILEGAN TILBOÐSDAG Í DAG 22. NÓV.

## - OPIÐ TIL KL. 20:00. -







GERRY WEBER - TAIFUN - SAMOON

**20-25%** AFSLÁTTUR

**Jólakaffi og Kransa-kökur**







BERNHARÐ LAXDAL

SÍGILD KÁPUBÚÐ

AÐVENTAN NÁLGAST.

NJÓTUM HENNAR OG VERSLUM SNEMMA.

**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**



„Ég nota glerung til þess að gefa formunum lit og áferð en skreyti ekki hlutina að öðru leyti,“ segir Þórdís Baldursdóttir keramikhönnuður. MYND/ERNIR

# Sækir í náttúruna

**Þórdís Baldursdóttir keramikhönnuður hannar og selur undir vörumerkinu Iceramic. Hún tekur þátt í jólamarkaði Popup verzlunar í fyrsta sinn í desember.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Popup verzlun heldur árlegan jólamarkað sinn í porti Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, laugardaginn 9. desember. Rúmlega 40 hönnuðir munu sýna þar fjölbreytta hönnun sína, þ. á m. 23 hönnuðir sem ekki hafa tekið þátt áður. Einn þeirra er Þórdís Baldursdóttir keramikhönnuður sem hannar og selur undir vörumerkinu Iceramic. Undanfarin fimm ár hefur hún verið með eigin vinnustofu og framleiðslu í Íshúsinu í Hafnarfirði auk þess að reka Kaolin Keramik Galleri á Skólavörðustíg í Reykjavík í samvinnu við sjö aðra keramik listamenn sem selja þar framleiðslu sína.

## Breytti um stefnu

Þórdís segir verk sín einkennast af einföldum formum sem oft hafa meira en eitt hlutverk. „Ég nota glerung til þess að gefa formunum lit og áferð en skreyti ekki hlutina að öðru leyti.“ Þar sem hún bjó lengi úti á landsbyggðinni, þar sem hin óblíðu áhrif lands og veðurfars höfðu mikil áhrif á hana, segist hún hafa leitast við að ná fram í verkum sínum áhrifum hins hrjúfa í íslensku landslagi í mótvægi við hið hreina og tæra í náttúrunni, svo sem áhrif sands og íss. „Hlutirnir eru oftast úr postulíni í einföldum formum með grófum og dökkum glerungi sem undirstrikar hvaðan efnið kemur og jarðtenginguna. Einnig hefur vinna mín við hjúkrun haft áhrif á hönnun mína þar sem skilningur á snertiflötum nytjahluta og þarfa notandans nýtist mér t.d. í hönnun á bollum og matarstelli.“

Það eru tíu ár síðan Þórdís ákvað að breyta um stefnu í lífinu, skráði sig í hönnunardeild Tækniskóla Íslands og hóf nám í hönnun. „Áður hafði ég lært hjúkrun og starfað sem hjúkrunarfræðingur en þó verið tengd hönnun og handverki lengi þar sem hönnunarvinna með hin ýmsu efni hafði lengi verið aðaláhugamál mitt. Ég lauk fyrst námi í Myndlistaskóla Reykjavíkur með diploma í mótun árið 2009 og síðar BA-gráðu frá University of Cumbria í Englandi með áherslu á mótagerð í keramik árið 2011. Fljótlega eftir að ég kom heim úr námi varð ég meðlimur Kaolin Keramik Galleri sem þá var nýstofnað.“



Desertskálar í mörgum litum.

## Einstakir fjallastjakar

Þórdís segist hafa gaman af ýmsum tilraunum með glerung og notar eingöngu náttúruleg efni í glerunginn. „Ég geri einnig myndverk úr leir og hef hannað og framleitt Fjallastjaka í nokkur ár. Það eru litlir kertastjakar sem eru með útlínum sérstakra íslenskra fjalla, þar sem fjallið lýsist upp þegar kveikt er á stjakanum.

Stjakarnir hafa verið framleiddir eftir pöntunum fyrir íslenska fjallaunnendur undanfarin ár, þar sem hver stjaki er skúlptúr og einstakur. Þeir hafa farið stækkandi og eru ekki bara litlir lengur og eru líka útfærðir í vegglömpum.“

Eins og fyrr segir er þetta í fyrsta sinn sem hún tekur þátt í Popup markaðinum í Hafnarhúsinu. „Ég mun þar sýna og selja aðallega hluti tengda jólunum, t.d. kertastjaka og ljósakúlur. Einnig mun ég sýna nýja tegund af kertastjökum sem eru hannaðir sem aðventustjakar, en hver og einn er sérstakur þar sem ég sameina nytjahlut og skúlptúr.“



Hægt er að kynna sér hönnun Þórdísar betur á www.iceramic.is og á Facebook undir Iceramic.




Íslenskur ís með ítalskri hefð
Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís
Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari
Sugarbearhair hárvítamín sem styrkir hár, húð og neglur
* Ég er björn sem elskar hár. Dökkt, ljóst, brúnt, rautt og alla liti þar á milli
* Ég elska allar hárgerðir
* Ég ákvað að búa til vítamín fyrir þig upp úr alvöru berjum svo þú munir eftir því að taka það á hverjum degi
* Ég gerði vítamínið líka krúttlegt og sætt, eins og ég er sjálfur
Þú finnur allt um mig á www.regalo.is Regalo ehf Iceland Regalofagmenn

ALUPROF GEZE

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.
Áratuga reynsla.
2012–2015 Framúrskarandi fyrirtæki
JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Blekhylki.is


Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



Eins og er raunin með flest heimilisverk þá eru rúmfataskipti alltaf skemmtilegri í góðum félagsskap.

# Ódýr munaður en mikilvægur

## Hreint rúm er munaður sem kostar lítið en gerir gríðarlega mikið fyrir andlega og líkamlega vellíðan.

Heimilisverk eru í mismiklu uppáhaldi hjá fólki. Sumir fá hroll við tilhugsunina um ryksugu á meðan aðrir finna sælufiðring við tilhugsunina um þetta galdratæki sem fær ryk og rusl til að hverfa eins og dögg fyrir sólu og uppvaskið er einum hugleiðsla og notaleg einkastund en öðrum kínversk vatnspynding. Undir þau húsverk sem vekja blendnar tilfinningar fellur hin mikilvæga aðgerð að skipta á rúminu sem sumum finnst einfalt og auðgert en öðrum vex svo í augum að þeir fresta því vikum saman. Hér eru nokkur ráð til að halda rúminu hreinu og gera sængurfataskiptin ánægjulegri.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að skipta á rúmum að minnsta kosti aðra hverja viku, sumir segja einu sinni í viku. Ef um einhvers konar ofnæmi er að ræða þarf jafnvel að gera það oftar. Þegar kemur að því að velja þvottaprógramm er þumalputtareglan: því heitara því betra. Þú eyðir miklum tíma sólarhringsins í rúminu og margir kjósa að fara í bað eða sturtu á morgnana og fara því með afrakstur dagsins upp í rúm á kvöldin. Þá eiga ýmsir líkamsvessar til að fara í rúmfötin svo ráðlegt er að hafa hitastigið nógu hátt til að það drepi bakteríur en ekki svo hátt að það skemmi rúmfötin eða slíti þeim um of. Ný rúmföt ætti alltaf að þvo áður en þau eru sett á rúmið. Sumir vilja setja rúmföt í þurrkara en aðrir kunna vel að meta tilfinninguna og ilminn þegar skriðið er undir snúruþurrkuð rúmföt, einkum ef snúrurnar eru úti.

Dýnan fer ekki svo glatt í þvottavélina en það þýðir samt ekki að hún verði ekki óhrein. Gott og einfalt ráð til að hreinsa dýnuna er að byrja á að ryksuga hana vel og taka svo sigti og strá matarsóda yfir dýnuna þar til hún er alveg þakin. Láta bíða yfir daginn og ryksuga burt. Þetta má líka gera við kodda og sængur að lokinni góðri útiviðrun.

Það sem fælir flesta frá því að skipta oftar á rúmunum er samt ekki aðgerðin að taka sængurfötin af og fleygja þeim þvottavél heldur það sem tekur við eftir þvott og þurrkun.

Margir hafa löngu gefist upp á því að brjóta saman teygjulök og henda þeim bara í hrúgu inn í skáp. Ekki þarf að örvænta þar sem á alnetinu má finna aðferðir sem svínvirka en er of flókið að lýsa hér. Það er hins vegar einfalt og þægilegt að setja teygjulakið á rúmið, þó það sé alltaf betra að fá aðstoð, einkum þegar um stærri rúm er að ræða.

Að setja sængurver á sæng er hins vegar aðgerð sem getur orðið afar flókin þegar á að klæða tæpa tvo fermetra af sæng í föt, einkum þegar hún lætur ekki að stjórn. Besta ráðið til að setja sæng í ver er að snúa sængurverinu á röngunni og stinga höndunum inn í verið og út í hornin. Gríptu svo í hornin á sænginni og togaðu sængina svo niður.

Svo er bara að leggjast til svefns í tandurhreint rúm og láta sig dreyma um hvít jól.



Það getur verið leiðinlegt að skipta um sængurver ef sængin lætur ekki að stjórn.



Kisa veit hvað það er gott að kúra í tandurhreinu rúmi.













## Bílar & Farartæki

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6L Dísel Ambition. Árgerð 2014, ekinn 52 Þ.KM, Beinsk. Verð 2.690.000. Rnr.136487.



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6L Dísel Ambition. Árgerð 2015, ekinn 79 Þ.KM, Sjálfskiptur. Verð 2.880.000. Rnr.136234.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Scout Elegance. Árgerð 2015, ekinn 49 Þ.KM, Sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.136568.



**100% LÁN**
SKODA Superb 4x4 Style. Árgerð 2016, ekinn 29 Þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.136157.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**VAKA**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**SPARI bíll**



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**
Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill – Save the Children á Íslandi

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**k2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is







## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

**STIGA**



**Snow Blizzard snjóblásari**

B&S mótor með rafstarti, 249cc
Dreifing 1 – 10 metrar
69cm vinnslubreidd
Með ljósum og á gröfum dekkjum
Frábær í mikinn og erfiðan snjó

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122. Lokað frá 12.

# Heilsa

## Nudd

**THAI Nuddstofan**

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

# Heimilið

## Barnavörur



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

**Barnaheill** Save the Children á Íslandi

Vissir þú að…

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

# Tómstundir & Ferðir

## Ferðalög

**I OFFER GUIDED TREKS TO EVEREST BASE CAMP**

plus other exciting treks in Nepal. Have guided many Icelanders and can provide recommendations upon request. Favourable prices.

**Contact Rishi Kumar on Facebook or e-mail info@ royalnepaladventure.com**

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7-13 og annan hvern lau. 8-14. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu. HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Atvinna

**LIND FASTEIGNASALA**

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

## Til sölu

# Húsgögn til sölu

Til sölu glæsilegt fundarborð 5 metrar á lengd og 140 cm á breidd. Borðið er í tveimur einingum með fallegum krómfótum. Einnig 16 fundarstólar við sama borð í mjög góðu ástandi. Tilboð óskast.





Nánari upplýsingar: johann@advania.is

## Atvinna

# SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

# AÐEINS 2 ÍBÚÐIR Í BOÐI!

# 995 þúsund kr. út og þú átt þína eigin íbúð!

**TIL SÖLU** stúdióíbúðir 25 - 47 fm verð 15.9 til 22.9
auðveld kaup aðeins 5% útborgun

**VERÐDÆMI**

| ÍBÚÐ | VERÐ | LÁN FRÁ BANKA | LÁN FRÁ SELJANDA | ÚTBORGUN AÐEINS |
|---|---|---|---|---|
| 37,6 fm | 19,9 m | 90% | 5% | 995.000 |
| 43,3 fm | 22,9 m | 90% | 5% | 1.145.000 |
















## Opið hús í dag kl. 17 – 18

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

síðasta ríkisstjórnarsamstarfi slitnaði að leggja fram frumvarp þar sem átti meðal annars að endurskoða ákvæði búvörulaga um undanþágur mjólkuriðnaðarins frá ákvæðum samkeppnislaga. Undanþágan hefur verið harðlega gagnrýnd og var við vinnslu frumvarpsins meðal annars tekið mið af tillögum Samkeppniseftirlitsins. Hefði það komist fullklárað í gegnum Alþingi hefði það verið mikil afturför að mati Ara og telur hann eftirlitsstofnunina og ráðherrann hafa beitt blekkingum.

„Ég tel að það yrði mikil afturför að afnema heimild mjólkuriðnaðarins til að hafa verkaskiptingu og samstarf. Á tiltölulega skömmum tíma hefur tekist að lækka mikið kostnað við söfnun, vinnslu og dreifingu mjólkurafurða með því að afurðastöðvum fækkaði úr 18 í fimm. Menn eru ekki lengur að framleiða allar tegundir á öllum stöðum í litlu magni. Öll þessi hagræðing hefur skilað sér í lægra verði til neytenda, aukinni samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu og fleiri þáttum, eins og til dæmis sameiginlegu átaki iðnaðarins nú nýlega til að leysa stór umhverfisvandamál á landsvísu.

Það gætir misskilnings í umræðunni um mjólkuriðnaðinn og Mjólkursamsöluna sérstaklega. Mjólkuriðnaðurinn er ekki undanþeginn samkeppnislögunum eða reglum um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Hann hefur heimild til samstarfs og verkaskiptingar sem væri í andstöðu við samkeppnislög ef þessi heimild væri ekki til staðar. Slíkar aðstæður eru uppi á mörgum öðrum sviðum í samfélaginu og hafa kallað á frávik frá samkeppnislögum. Slík dæmi skipta tugum og nefni ég til dæmis fjarskiptin. Þessar heimildir eru af sömu rót runnar og um flest sambærilegar. Það er til dæmis talið skynsamlegt að fjarskiptafyrirtæki geti unnið saman að uppbyggingu fjarskiptainnviða til þess að lækka kostnað. Svo það sé ekki farið út í það að leggja fjóra hringvegi í kringum landið, hlið við hlið, á formi 4G fjarskiptakerfa.




## Opna skyrbar í Leifsstöð

MS vinnur nú að opnun skyrbars í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem sérstök áhersla verður lögð á vörumerkið Ísey. Verkefnið er unnið í samstarfi við Booztbarinn, Agnar Sverrisson sem rekur Michelin-staðinn Texture í London og fleiri og verður veitingasalan í höndum starfsmanna Lagardère, sem rekur nú þegar nokkra veitingastaði í flugstöðinni.

„Við höfum með samstarfsaðilum verið að ýta úr vör „spinoff“ verkefni út úr Ísey-vörumerkinu sem er Ísey-skyrbar, sem verður pop-up (beint frá hönnuði) veitingastaður í Leifsstöð. MS ætlar þó ekki út í veitingabransann heldur taka þátt í að skapa veitinga-concept sem selur sérleyfi fyrir Ísey-skyrbari, þar sem skyrið verður ekki einungis notað í búst (orkuskot) heldur einnig til dæmis sem viðbit í samlokur, dressing og fleira. Matseðillinn er gríðarlega spennandi og það hefur verið lögð mikil vinna í að þróa hann. Þessi tímabundni staður í Leifsstöð, sem verður opnaður 1. desember verður vonandi bara sá fyrsti af mörgum,“ segir Ari.

> **Samkeppniseftirlitið og jafnvel landbúnaðarráðherra hafa í raun haft í frammi ítrekaðar blekkingar um það fyrirkomulag sem er í gildi.**

Samkeppniseftirlitið og jafnvel landbúnaðarráðherra hafa í raun haft í frammi ítrekaðar blekkingar um það fyrirkomulag sem er í gildi. Þannig reyndi Samkeppniseftirlitið, eftir að MS vann þetta stóra mál fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála, að halda því að almenningi að það hefði verið vegna þess að MS nyti einhverrar undanþágu frá banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Stjórnendum í mjólkuriðnaði leyfðust þannig í reynd hlutir sem aðrir færu í fangelsi fyrir. Þetta er algjört rugl,“ segir Ari og vísar í niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar í nóvember í fyrra. Þá komst hún að þeirri niðurstöðu að undanþáguákvæði búvörulaga hefði vikið banni samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu til hliðar. Í úrskurðinum var MS hins vegar skyldað til að greiða 40 milljónir í sekt fyrir að hafa ekki sinnt upplýsingaskyldu samkeppnislaga og afhent Samkeppniseftirlitinu öll gögn um umrætt mál. Eftirlitið stefndi MS í kjölfarið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til að fá ógildingu á úrskurði nefndarinnar en stofnunin hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hefði brotið samkeppnislög með alvarlegum hætti með því að misnota markaðsráðandi stöðu sína og sektað MS um 370 milljónir króna.

„Niðurstaða áfrýjunarnefndar var 100 prósent sigur efnislega fyrir MS og sú niðurstaða var alveg skýr um að engin misnotkun markaðsráðandi stöðu hefði átt sér stað. Eða eins og sagði orðrétt: „verður ekki séð að framkvæmd samkomulagsins sé ómálefnaleg eða óforsvaranleg að öðru leyti. Því ber að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.“ Eftirlitinu tókst svo að senda frá sér fréttatilkynningu eftir að þessi úrskurður um ógildingu á ákvörðun þess var kveðinn upp, sem lagði síðan grunn að fréttaflutningi RÚV um málið, þar sem var ekki minnst einu orði á að MS hefði unnið málið! Það er auðvitað æpandi dæmi um hve ófagleg og ómálefnaleg vinnubrögð þessa stjórnvalds eru,“ segir Ari.

*En Samkeppniseftirlitið er á öðru máli og rekur nú dómsmál gegn ykkur?* „Það er reyndar mjög sérkennilegt ákvæði í samkeppnislögum að eftirlitið sem er lægra sett stjórnvald, skuli hafi heimild til þess að fara í mál þegar það unir ekki niðurstöðu æðra setts stjórnvalds. Nánast eins og héraðsdómur myndi fara í mál við Hæstarétt af svipuðu tilefni. En eftirlitið stefndi MS í vor til að þola ógildingu á ákvörðun áfrýjunarnefndar. Fyrst Samkeppniseftirlitið fór af stað með það á annað borð stefndi MS Samkeppniseftirlitinu á móti vegna þess að MS var sektað fyrir brot á upplýsingaskyldu í framangreindu máli. Í stuttu máli teljum við að það fái ekki staðist að svo rík upplýsingaskylda hvíli á þeim sem er til rannsóknar, meðan stjórnvaldið kallar ekki eftir gögnum sem fullt tilefni er til vegna ábendinga um samstarf og skautar þannig fram hjá eigin rannsóknarskyldu.

Nú munu þessi mál bara fara sína leið í dómskerfinu sem getur tekið nokkur ár. Ég kvíði ekki niðurstöðunni, en aðalatriðið er að starfsfólk MS láti þetta ekki trufla sig um of og haldi sínu striki við það að veita okkar viðskiptavinum eins góða þjónustu og kostur er. Það hefur staðið sig vel til þessa.“

VIÐ PRENTUM
TÍMA
RIT




UMHVERFISMERKI
141 825
Prentgripur

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að rammasamningi Ríkiskaupa og rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

**Hafðu samband við viðskiptastjóra okkar í síma 5 950 300 og við komum þínum hugmyndum í framkvæmd.**

**WWW.ISAFOLD.IS**

ÍSAFOLDAR
PRENTSMIÐJA

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA SUÐURHRAUNI 1, 210 GARÐABÆ — PRENTUN Í 140 ÁR

# Áhrifavaldar er ekki tískuorð



**Guðmundur Tómas Axelsson,** framkvæmdastjóri WebMo Design



Markaðssetning með áhrifavöldum fór hér áður fyrr meira og minna fram í gegnum bíómyndir á borð við Back to the Future.

Markaðssetning með áhrifavöldum (e. influencer marketing) er búin að vera gífurlega mikið í umræðunni meðal markaðsfólks sem og annarra. Líklega má segja að þetta sé eitt heitasta umræðuefnið í markaðsmálum dagsins í dag. Sumir ganga jafnvel svo langt að segja að það sé eina aðferðin sem fyrirtæki þurfa í markaðssetningu sinni.

Í sinni einföldustu mynd má segja að markaðssetning með áhrifavöldum sé markaðssetning þar sem fólk sem talið er hafa jákvæð áhrif á sölu eða ímynd vörumerkja er fengið til að kynna vörumerki á einn eða annan hátt.

Enn eitt tískuorðið?

Reglulega spretta upp ýmis tískuorð sem oft á tíðum er einungis ný framsetning á gömlum hugtökum eða aðferðafræði. En er hugtakið áhrifavaldar enn eitt tískuorðið í markaðsfræðunum?

Áhrifavaldar hafa í raun verið til síðan markaðsfræðin var fundin upp, ef ekki lengur. James Dean í Rebel Without a Cause lagði línurnar að tísku ungmenna um ókomin ár í Lee gallabuxum og hvítum stuttermabol. Michael J. Fox magnaði upp körfuboltatísku á sínum tíma í reimalausu uppháu framtíðar Nike-íþróttaskónum í Back to the Future 2. Munurinn er að á þessum tíma fór markaðssetning með áhrifavöldum meira og minna fram í gegnum vörustaðsetningu í bíómyndum. Í dag fer hún að stórum hluta fram í gegnum samfélagsmiðla. Hugmyndin er í raun sú sama en miðlarnir ekki endilega þeir sömu. Í dag sjáum við áhrifavalda af öllum stærðum og gerðum, stjörnur sem flestir þekkja sem og óþekkta aðila sem ná til afmarkaðra hópa með því til dæmis að nota Instagram Story eða snappa um alls konar lífsstílstengda hluti, tísku, veiði, íþróttir, pólitík og fleira.

> **Michael J. Fox magnaði upp körfuboltatísku á sínum tíma í reimalausu uppháu framtíðar Nike-íþróttaskónum í Back to the Future 2.**
>
> Guðmundur Tómas Axelsson, framkvæmdastjóri WebMo Design

Orðið áhrifavaldar er ekki tískuorð. Þetta getur verið ótrúlega áhrifarík leið til þess að markaðssetja vörumerki. Til þess eru ýmsar leiðir. Ein leið er að handvelja áhrifavalda og semja við þá nákvæmlega um það hvernig meðhöndla eigi vörumerkið og jafnvel gera kröfu um að sjá færslur fyrirfram til samþykktar. Önnur leið er að nota kerfi sem velur fyrir þig áhrifavalda út frá ákveðnum forsendum sem þú setur inn í kerfið sem og árangri þeirra á samfélagsmiðlum. Þarna færðu ekki bara stjórnurnar heldur líka svokallaða staðbundna áhrifavalda (e. hyperlocal influencers) sem eru minni hvað varðar fylgjendur en sérhæfa sig oft í afmörkuðu efni. Staðbundnir áhrifavaldar eru oft á tíðum tilbúnir að leggja ansi mikið á sig til að koma skilaboðum vörumerkja vel til skila enda ekki vanir að fá borgað fyrir eitthvað sem þeir hafa vanalega gert sér til skemmtunar.

Hvað er fram undan?

Eins og markaðssetning með áhrifavalda er að þróast þá verður líklega erfiðara og erfiðara fyrir fyrirtæki að hafa fullkomna stjórn á því hvernig áhrifavaldar meðhöndla vörumerki. Fyrir utan flækjustigið við það þá verður það letjandi til lengdar fyrir áhrifavalda að vera alltaf rammaðir inn í ákveðnar formúlur. Áhrifavaldar vilja gjarnan taka þátt í verkefnum sem þeir hafa trú á og hentar þeirra karakter. Líklega verður áhættan við þessa óvissu alltaf hluti af nútíma markaðssetningu með áhrifavöldum og örugglega það sem gerir hana svona skemmtilega og spennandi. Ef þú vilt fulla stjórn, birtu þá auglýsingu í blaði, útvarpi eða sjónvarpi.





Heimkaup lofar lægra verði með aðild að Euronics.

## Heimkaup komið í hóp verslana Euronics

Heimkaup.is gekk nýverið frá kaupum á hlut í danska búsáhaldafyrirtækinu El-Salg A/S. Fyrirtækið er þar með komið í hóp 8.800 verslana í Euronics innkaupasambandinu sem fær að sögn Guðmundar Magnasonar, framkvæmdastjóra Heimkaups, betra innkaupsverð í krafti stærðar sinnar hjá öllum stærstu raftækjaframleiðendum heims.

„Þetta eru góðar fréttir fyrir neytendur á Íslandi og það er klárt mál að þetta mun lækka vöruverð, og það til muna í mörgum tilfellum. Það hefur vantað meiri samkeppni á íslenskum raftækjamarkaði, neytendum til hagsbóta. Koma Costco gerði helling í matvöru og ýmissi sérvöru en varðandi raftæki hafa þeir að miklu leyti þurft að reiða sig á innlenda birgja. Nú munu þessir aðilar þurfa að bregðast við – og eru vafalaust að því núna,“ segir Guðmundur Magnason í tilkynningu Heimkaup.is

„Fyrstu gámarnir eru væntanlegir til landsins seinni partinn í þessari viku og verða komnir í sölu næstkomandi mánudag, 27. nóvember, eða á Cyber Monday. Í þessari fyrstu sendingu leggjum við áherslu á hvítu vöruna, þ.e. ísskápa, uppþvottavélar, þurrkara, eldavélar o.þ.h.,“ segir Guðmundur og bætir við að allir hinir vöruflokkarnir muni svo fylgja í kjölfarið. „Þar erum við að tala um sjónvörp, heimabíó, hátalara, síma, tölvur, öll smærri raftæki og fleira.“

## Lífeyrissjóður unga fólksins



**Björn Berg Gunnarsson** fræðslustjóri Íslandsbanka

Fyrir okkur sem eigum einhverja áratugi í eftirlaun eru lífeyrismál ekki beint vinsælasta umræðuefnið. Okkur hættir til að þykja fyrirkomulag greiðslna Tryggingastofnunar einkamál eldra fólks og aðalfundir lífeyrissjóðanna samkomur þeirra sem eru að taka út peninga og óviðkomandi þeim sem leggja þá inn. Við höfum hins vegar ekki efni á því.

Þeir fjármunir sem við komum til með að lifa á á lífeyrisaldri geta komið úr ýmsum áttum. Það geta verið launatekjur, söluhagnaður vegna flutnings í ódýrara húsnæði, arfur, úttekt séreignarsparnaðar eða greiðslur frá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun svo eitthvað sé nefnt. Þó það sé kannski ekki skemmtilegt þurfum við að byrja snemma að undirbúa efri árin og þá komumst við fljótt að því að það er allt of mikil áhætta að ætla að treysta á „kerfið“.

Við höfum lengi vitað að aldursskipting þjóðarinnar er að breytast. Íslendingar á lífeyrisaldri eru í dag um 14 prósent þjóðarinnar en samkvæmt spá Hagstofunnar nær hlutfallið 26 prósentum árið 2066. Það þriggja stoða lífeyriskerfi sem við búum hér við mun því sinna sífellt stærra hlutverki. Með lífeyrissjóðunum söfnum við réttindum og tryggjum okkur meðal annars fyrir örorku og langlífi. Með hjálp vinnuveitenda söfnum við valfrjálsum séreignarsparnaði sem er að fullu laus til úttektar við sextugt og Tryggingastofnun millifærir hluta skatttekna hvers árs til þeirra lífeyrisþega sem lægstar hafa tekjurnar.

Greiðslur frá lífeyrissjóðum einar og sér munu ekki duga til þess að tryggja okkur góðar tekjur við starfslok. Ef við ætlum okkur að hafa það gott á efri árunum verðum við því að gera eitthvað meira. Þeir sem leggja ekkert fyrir aukalega munu þurfa að treysta á að Tryggingastofnun bæti þeim hluta tekjutapsins. Við núverandi aldursskiptingu þjóðarinnar er nógu mikið rifist og barist um tilfærslu skattfjár til málaflokksins. Hvernig höldum við að þetta verði þegar lífeyrisþegar verða hlutfallslega tvöfalt fleiri en þeir eru nú?

> **Greiðslur frá lífeyrissjóðum einar og sér munu ekki duga til þess að tryggja okkur góðar tekjur við starfslok.**
>
> Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka

Vonandi verður þetta allt í lagi en það er best að treysta ekki á það. Verum dugleg að greiða í séreignarsparnað og leggja fyrir þar að auki, ef við höfum til þess svigrúm. Vöndum okkur svo við ávöxtun þessa mikilvæga sparnaðar. Ef greiðsluþátttaka eykst og geta ríkisins til greiðslu almannatrygginga verður minni þegar við förum sjálf á eftirlaun höfum við eitthvert fjárhagslegt svigrúm og kannski þurfa tekjur okkar ekki að lækka svo mikið þegar við förum af vinnumarkaði.

Ef allt fer hins vegar á besta veg munum við hafa safnað sparnaði sem gerir okkur kleift að hafa það ennþá betra. Og við töpum ekkert á því.

# GLAMOUR

## Jólagjafa HANDBÓK Glamour

## — 400+ —

*hugmyndir að jólagjöfum fyrir hann, hana, barnið og heimilið!*






## Skotsilfur

### „Miklu harðari“



Það var vel mætt á málstofu í Seðlabankanum í gær þegar **Friðrik Már Baldursson**, prófessor í hagfræði, fjallaði um nýbirta grein sína um stefnumörkun og samskipti íslenskra stjórnvalda við kröfuhafa gömlu bankanna. Í umræðum eftir erindi Friðriks barst talið að hinum alræmda vogunarsjóði Elliot Management sem er hvað frægastur fyrir að hafa staðið í áralöngum deilum við Argentínu eftir gjaldþrot ríkisins 2001. Þegar Jón Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri á skrifstofu seðlabankastjóra og einn af þeim sem áttu sæti í framkvæmdahóp um losun hafta, var spurður af Friðriki hvort Elliot hefði gert sig gildandi í kröfuhafahópi íslensku bankanna svaraði Jón því einfaldlega til að sjóðirnir í þeim hópi hefðu verið „miklu harðari“ en Elliot.

### Engin tilviljun



Merki Miðflokksins í aðdraganda kosninga fékk talsverð viðbrögð en það samanstendur af hvítum hesti með norðurljós í bakgrunni. Merkið hefur ekki hvað síst vakið athygli hjá þeim sem þekkja vel til söluferlis Kaupþings á Arion banka en það hefur einmitt gengið undir vinnuheitinu *Project Cheval Blanc*, eða hvítur hestur á íslensku. Mörgum þykir það ekki nein tilviljun að **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, formaður Miðflokksins, hafi kosið að velja hvítan hest sem merki flokksins en eitt hans helsta stefnumál fyrir kosningar var að ríkið ætti að reyna að nýta mögulegan forkaupsrétt sinn að Arion banka og þannig stöðva um leið söluferli Kaupþings á bankanum.

### Pawel í borgina?



Margir þeirra þingmanna sem hættu á Alþingi í síðasta mánuði eru nú í óðaönn að koma sér fyrir að nýju á vinnumarkaði eða að glugga í atvinnuauglýsingar. Einn þeirra, **Pawel Bartoszek**, fyrrverandi þingmaður Viðreisnar, er nú sagður undirbúa framboð flokksins í Reykjavík í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Þykir mörgum mikill sjónarsviptir að honum af þingi ásamt frjálslyndum skoðunum hans og áherslum. Borgin þurfi ferskt blóð og ekki skemmi reynsla hans af tíma hans á þingi.

## Uppgangur og jólaverslun í Taílandi



Hagvöxtur á Taílandi jókst um 4,3 prósent á þriðja ársfjórðungi og útlit fyrir að vöxtur landsframleiðslu þar verði 4,1 prósent á næsta ári. Verslunareigendur í þessari verslunarmiðstöð í Bangkok búa sig nú undir góða jólavertíð sem þegar er hafin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekkert að öfunda



**Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA**

Það var eftir því tekið í pallborðsumræðum á málþingi Viðskiptaráðs í Iðnó 16. nóvember síðastliðinn, þegar Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði kollega sína á Norðurlöndunum „krjúpa á kné og biðja til guðs um að geta verið með íslenskt vaxtastig“ – við værum með öðrum orðum öfundsverð af okkar vaxtastigi. Í dag eru stýrivextir víða við núllprósentið og jafnvel neikvæðir í einhverjum tilfellum. Þótt svo lágir stýrivextir séu sjúkdómseinkenni þeirra hagkerfa sem slíka vexti bera, hefur Seðlabanki Íslands lítinn áhuga á að ræða sjúkdómseinkenni íslenskrar hávaxtastefnu, innflæðishöftin.

Setning innflæðishaftanna sumarið 2016 er sorgarsaga um hvernig embættismenn taka sér vald sem þeir láta seint af hendi, hvernig sem vindar blása. Rökstuðningur fyrir þeim var heimasmíðuð kenning bankans um að innflæði erlends fjármagns inn á hinn innlenda skuldabréfamarkað væri að hamla eðlilegum framgangi peningastefnunnar. Tíminn hefur leitt í ljós að rökstuðningurinn var veikur frá upphafi. Í fyrsta lagi voru verðbólguvæntingar markaðsaðila meira í línu við þá verðbólgu sem varð, á meðan Seðlabankinn kerfisbundið ofspáði verðbólgu. Í öðru lagi þá nam flæði erlendra aðila í skuldabréf einungis um 3% af veltu á skuldabréfamarkaði mánuðina fyrir setningu haftanna. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að hlutfall eignarhalds erlendra aðila í skuldabréfum á Íslandi er með því allra minnsta sem þekkist alþjóðlega.

### Áhrif á vaxtastig

Hvergi er að finna greiningar frá Seðlabankanum um hvaða áhrif innflæðishöftin hafa á vaxtastig til heimila og fyrirtækja. Ef rýnt er í nýútgefin Peningamál kemur þó fram að verðtryggðir húsnæðisvextir bankanna hafa nær ekkert breyst frá því að Seðlabankinn hóf vaxtalækkunarferli í ágúst á seinasta ári og hefur síðan þá lækkað stýrivexti um 1,5 prósentur. Íslensk heimili þurfa sem fyrr að greiða 3,5% verðtryggða vexti á ný húsnæðislán í bönkunum, sem samsvarar um 6,5% óverðtryggðum vöxtum til lengri tíma, miðað við verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði. Í alþjóðlegum samanburði eru það ótrúlega háir vextir á jafntrygg lán, einkum í ljósi stöðu íslenska hagkerfisins um þessar mundir.

Innflæðishöftin koma að mestu í veg fyrir að erlendir aðilar fjármagni íslensk fyrirtæki og fjármálastofnanir sem og opinbera aðila og ýta þannig bæði upp grunnvaxtastiginu á skuldabréfamarkaði, sem og skuldaraálagi á aðra aðila en ríkið, til dæmis á sértryggðum skuldabréfum bankanna, sem ákvarða vexti húsnæðislána. Á sama tíma hefur afnám útflæðishafta og aukin sjóðsfélagalán lífeyrissjóða dregið mjög úr getu innlendra aðila til að fjármagna heimili og fyrirtæki með skuldabréfum. Lýsandi um mun á innlendri og erlendri fjármögnun íslenskra fyrirtækja, er að bankarnir fjármagna sig á hærra vaxtaálagi á sértryggðum skuldabréfum (um 0,7%) en með óvörðum skuldabréfaútgáfum erlendis (0,5% álag Íslandsbanka á útgáfu sinni í haust). Á Norðurlöndunum er vaxtaálag sértryggðra skuldabréfa nálægt núlli og því hlutfallsleg kjör lántaka þeim mun betri.

Annað dæmi er að fjármögnunarkostnaður fasteignafélaga, sem jafnan eru talin útgefendur hvað öruggastra fyrirtækjaskuldabréfa á markaði, hefur þrefaldast frá árslokum 2015, mælt í vaxtaálagi á ríkistryggða vexti. Sá kostnaður veltur að sjálfsögðu yfir á verslanir og þjónustufyrirtæki, sem eru leigutakar fasteignafélaganna.

### Döpur framtíðarsýn

Það er dapurlegt að á umræddum fundi Viðskiptaráðs skyldi seðlabankastjórinn tilkynna að líklega myndu innflæðishöft bankans vara til ársins 2020. Seðlabankinn hefur ekki fært nein rök fyrir innflæðishöftunum sem standast skoðun en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nýlega sagt skýrt að innflæðishöftin séu óþörf hér á landi. Samt þurfa íslensk heimili og fyrirtæki að lifa við háa raunvexti ásamt lamandi innflæðishöftum sem ýta fjármögnunarkostnaði þeirra enn frekar upp, um ókomin ár. Við erum lítil þjóð sem þarf á frjálsum viðskiptum að halda og opnir en ekki lokaðir fjármagnsmarkaðir munu stuðla að lægra raunvaxtastigi, auka framleiðslugetu og skjóta styrkari stoðum undir innlenda verðmætasköpun. Staðreyndin er einfaldlega sú að það er enginn sem öfundar íslensk heimili og fyrirtæki af því vaxtastigi sem þau búa við í dag, nema kannski örfáir kollegar Más Guðmundssonar.

# Mikil hætta á mjúkum pökkum í ár



**Kristín Hrefna Halldórsdóttir** viðskiptastjóri hjá Meniga og FKA-félagskona

Það verður að teljast afar ólíklegt að Íslendingar fari í jólaköttinn í ár ef marka má söluna sem hefur verið á fatnaði og fylgihlutum síðustu misserin hér á landi. Miðnæturopnanir stóru verslunarmiðstöðvanna tveggja skiluðu mikilli sölu til íslenskra kaupmanna en H&M fékk einnig væna sneið af jólakökunni.

Landslagið á fatamarkaðnum hefur breyst mikið síðasta árið með umfangsmiklum breytingum í verslunarmiðstöðvunum tveimur. Þar ber helst að nefna opnun H&M í báðum verslunarmiðstöðvum. Zara lokaði einnig annarri verslun sinni, Lindex hefur opnað fleiri nýjar verslanir og breytt og bætt verslunina í Smáralind. Next hefur opnað aftur eftir að hafa fært verslun sína og Selected og Jack & Jones eru að opna aftur eftir miklar breytingar í Kringlunni.

Í aðdraganda jóla er orðin hefð fyrir því að verslunarmiðstöðvarnar haldi miðnæturopnanir þar sem góð tilboð eru á flestum vörum. Miðvikudaginn 1. nóvember var Miðnæturopnun í Smáralind og Miðnætursprengja Kringlunnar fimmtudaginn 9. nóvember. Samkvæmt úrtaki Meniga áttu fleiri viðskipti sér stað í fatabúðunum í Miðnætursprengju Kringlunnar heldur en Miðnæturopnun Smáralindar. Hlutdeildin í sölu var ólík milli þessara daga og sást þar vel að Zara er aðeins með verslun í annarri verslunarmiðstöðinni en þeir voru með hæstu hlutdeild í sölu fataverslana 1. nóvember en frekar smáir 9. nóvember. Lindex var með hæstu hlutdeild í sölu 9. nóvember enda með þrjár verslanir í Kringlunni. H&M fékk væna sneið af sölunni báða þessa daga en var þó minni en Zara 1. nóvember og Lindex 9. nóvember.

Ef marka má reynslu síðustu ára er mjög hátt hlutfall af þeirri fatasölu sem á sér stað fyrir jólin búin áður en desember hefst. Árið 2015 sáum við í gögnum Meniga að í Kringlunni voru 54% af fatasölunni búin áður en desember hófst og í Smáralind voru 55% af fatasölunni búin áður en desember hófst. Það verður því áhugavert að fylgjast með því hvernig salan í desember gengur og hvort hún fari mestmegnis til H&M. Munu íslenskir kaupmenn fá bita af jólakökunni eða þurfa þeir að láta sér nægja mylsnuna sem fellur af borði sænska fatarisans?

# MAMMA, ÉG ER Á LÍFI

**BRÉF OG FRÁSAGNIR
ÍSLENSKRA PILTA
Í VÍTI HEIMSSTYRJALDAR**

*Þeir gengu glaðir í kandadíska herinn haustið 1914 til að þjóna sínu nýja föðurlandi, en áttu eftir að upplifa hreint helvíti.*

*Í hispurslausum og oft átakanlegum bréfum til ættingja og vina lýstu þeir veruleika stríðsins, fjarri glansmynd áróðursmeistaranna.*




**Jakob Þór Kristjánsson**

Sögur útgáfa

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 22. nóvember 2017

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Séra Jón

**Fróðlegt var** að lesa samtal Geirs H. Haarde og Davíðs Oddssonar sem átti sér stað þann 6. október 2008 eða sama dag og neyðarlögin svokölluðu tóku gildi. Þar ræddu þeir félagar 500 milljóna evra neyðarlánveitingu til Kaupþings, sem samkvæmt seðlabankastjóranum Davíð myndi valda því að bankinn yrði „kominn inn að beini“. Með öðrum orðum, lánveitingin til Kaupþings varð endanlega til þess að tæma gjaldeyrisforða Seðlabankans.

**Enn meiri** athygli vekur þó að þeir Davíð og Geir virðast sammála um að ólíklegt sé að lánið fáist greitt til baka, en Davíð lætur hafa eftir sér að orð Kaupþingsmanna um að lánið verði endurgreitt að nokkrum dögum liðnum séu „ósannindi“ eða „óskhyggja“.

**Með öðrum orðum** virðist Davíð hafa veitt lánið en verið þess fullviss að það fengist aldrei endurgreitt. Við þetta kynni einhver að staldra en í dómum sem fallið hafa eftir hrun hefur mikið verið fjallað um hugtakið umboðssvik, en í einfaldri mynd má segja að það snúist um að binda annan mann, stofnun eða fyrirtæki við löggerning sem viðkomandi myndi annars ekki vilja vera bundinn af.

**Nú mætti** telja að hugtakinu hafi upprunalega verið ætlað að ná til manna sem stunda slíkt af einbeittum ásetningi. Eftir hrun hefur hins vegar fjölda bankamanna verið varpað í fangelsi á grundvelli þess að þeim hafi „ekki mátt dyljast“ eða að þeir hefðu „mátt vita“ að tilteknar lánveitingar myndu tapast. Algerlega hefur verið skautað fram hjá því að lánveitingum fylgir eðli málsins samkvæmt áhætta.

**Ekki verður** þó annað skilið af orðum fyrrverandi seðlabankastjóra en að hann hafi verið þess fullviss að lánið væri tapað, en samt haldið sínu striki. Ekki verður auðveldlega séð hvers vegna annað ætti að gilda um seðlabankastjórann, sem höndlar með almannafé, en bankamennina. Samt tók það sérstakan saksóknara einungis viku að hvítþvo Davíð og Geir vegna lánveitingarinnar til Kaupþings.

**Nú er bara** tvennt í stöðunni. Annaðhvort var Davíð jafn sekur um umboðssvik og bankamennirnir, eða að dómarnir eftir hrun hafa verið á villigötum. Hvað sem því líður er ljóst að Davíð fékk sérmeðferð. Hverju ætli sæti?






## Sigurður Hreiðar til Íslenskra fjárfesta



Sigurður Hreiðar Jónsson, forstöðumaður markaðsviðskipta Íslenskra verðbréfa (ÍV), hefur sagt upp störfum hjá félaginu og mun senn ganga til liðs við verðbréfafyrirtækið Íslenska fjárfesta, samkvæmt heimildum Markaðarins. Aðeins fimm mánuðir eru síðan Sigurður Hreiðar hóf störf hjá ÍV.

Áður en hann fór til Íslenskra verðbréfa starfaði Sigurður Hreiðar um skamma hríð hjá Klettum Capital, sem var stofnað í árslok 2016 og annaðist eignastýringu fyrir hönd viðskiptavina, ásamt þeim Jóni Gunnari Sæmundsen og Jónasi Gunnarssyni, fyrrverandi starfsmönnum í markaðsviðskiptum Íslandsbanka. Sigurður Hreiðar hefur á síðustu árum auk þess starfað sem verðbréfamiðlari hjá Kviku, Straumi fjárfestingabanka, Arion banka og Íslandsbanka.

Sigurður mun starfa við hlutabréfamiðlun hjá Íslenskum fjárfestum en Hannes Árdal, sem kom til félagsins frá Fossum mörkuðum fyrr á árinu, hefur verið skuldabréfamiðlari hjá fyrirtækinu. Íslenskir fjárfestar hófu starfsemi sína árið 1994 en framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Karl Jóhann Ottósson. Hann er jafnframt stærsti einstaki hluthafi þess með ríflega 80 prósenta hlut í árslok 2016. **– hae**

**16.11.2017**

**Seðlabankastjórar á Norðurlöndunum krjúpa á kné og biðja til Guðs um aðstæður sem geti gert þeim kleift að vera með íslenska vexti.**

Már Guðmundsson seðlabankastjóri






YUASA

# Rafgeymar

Meðal viðskiptavina Yuasa eru:

mazda
BMW
TATA
SUBARU
TOYOTA
MITSUBISHI MOTORS
KIA
SUZUKI
ISUZU
HONDA
GM
NISSAN
SANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

## YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur




YUASA
stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Allhvöss norðanátt, en stormur á Suðausturlandi síðdegis. Snjókoma eða él um landið norðan- og austanvert en þurrt annars staðar. Hiti í kringum frostmark við ströndina en frost 0 til 5 stig inn til landsins.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -5° | -2° |
| 14 | 19 | 8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | -2° | -6° |
| 12 | 10 | 11 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -3° | -2° |
| 16 | 16 | 18 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | -0° | -5° |
| 18 | 17 | 19 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. efri hæð
6. fisk,
8. skjögur
9. stígandi
11. kvað
12. viðburður
14. púns
16. fæddi
17. ásamt
18. mar
20. átt
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. ýfa
3. fyrir hönd
4. vandræði
5. svelg
7. litbrigði
10. síðan
13. lykt
15. megin
16. þrá
19. kyrrð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** uppi, **6.** ál, **8.** rið, **9.** ris, **11.** ku, **12.** atvik, **14.** bolla, **16.** ól, **17.** með, **18.** sær, **20.** sa, **21.** króm.
**LÓÐRÉTT: 1.** gára, **3.** pr, **4.** pikkles, **5.** iðu, **7.** litblær, **10.** svo, **13.** ilm, **15.** aðal, **16.** ósk, **19.** ró.

## Skák Gunnar Björnsson

Levon Aronian (2.801) átti leik gegn Anish Giri (2.762) á FIDE Grand Prix-mótinu í Mallorca.

**Hvítur á leik**

**21. Dd1!! gxh4 22. Hxh4 Hd8 23. Dh5** (23. Dg4 jafnvel enn sterkari). **23. ... Kf8 24. Hg4 Bf6?** (24. ... Dd6 var betri vörn). **25. Bh6+ Ke8 26. Hg8+ Kd7 27. d6!! 1-0.** Glæsilegur sigur Armenans sem hefur byrjað best allra á mótinu.

**www.skak.is.** Runavik Open.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 3 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





KATHY GRIFFIN
LAUGH YOUR HEAD OFF
HEIMSTÚRINN
29. NÓVEMBER
Í ELDBORG HÖRPU
MIÐASALA Á
HARPA.IS OG TIX.IS
“KATHY GRIFFIN DOESN”T HOLD BACK”
VOICE
“KATHY GRIFFIN HAS THE LAST LAUGH”
THE WALL STREET JOURNAL.
“BOUNDLESS ENERGY”
Parade
“THERE’S NOTHING LIKE EXPERIENCING KATHY GRIFFIN LIVE”
Los Angeles Times
WWW.KATHYGRIFFIN.COM TWITTER @KATHYGRIFFIN INSTAGRAM INSTAGRAM.COM/KATHYGRIFFIN FACEBOOK /KATHYGRIFFIN






Hrönn og Bylgja Dís ætla að flytja tilfinningaríka tónlist við ljóð tveggja Nóbelskálda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nóbel í tónum í Norræna húsinu

**Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran og Hrönn Þráinsdóttur píanóleikari frumflytja ný lög við ljóð Kiljans og Bobs Dylan í kvöld.**

Kvöldið er helgað samtímatónlist og tveimur nóbelskáldum, Halldóri Laxness og Bob Dylan, í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20. „Við ætlum að byrja á að flytja þrjú falleg lög eftir Eirík Árna Sigtryggsson við ljóð Kiljans, segir Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran sem kemur fram ásamt Hrönn Þráinsdóttur píanóleikara.

„Svo tökum við ljóðaflokkinn Mr. Tambourine Man eftir John Corigliano, við sjö ljóð Dylans. Sem heild myndar hann andlegt þroskaferli mannsins. Byrjar á Mr. Tambourine Man sem er ákall eftir andagift, í þriðja ljóðinu, Blowing in the Wind, er spurt stórra spurninga og þannig heldur verkið áfram þar til kemur að einhvers konar niðurstöðu hjá söguhetjunni. Hún leitar skjóls undan þrumum og eldingum við kirkju og flokkurinn endar á fallegu vögguljóði sem kirkjuklukkurnar smitast inn í,“ lýsir Bylgja Dís sem segir gaman að flytja þetta efni og öðruvísi en flest annað. „Þetta er nútímatónlist sem gerir kröfur, því það sem píanistinn spilar styður ekki endilega mikið við söngvarann. Þetta er ekki eins og að setja Dylan á fóninn en ég get lofað því að tónlistin er áhrifamikil því höfundurinn skapar svo flottan hljóðheim, fallegar laglínur og líka tilfinningahita þar sem hið leikræna fær að njóta sín.“

Ljóðin verða útprentuð og fyrir flutninginn verður kynning á efninu þar sem Hrönn ætlar að spila einstaka kafla, að sögn Bylgju Dísar. „Þá veit fólk hverju það getur hlustað eftir.

Tónleikarnir nefnast Nóbel í tónum og tilheyra röðinni Klassík í Vatnsmýrinni. **gun@frettabladid.is**

# Sátt við örlögin í tónlist Beethovens

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★★☆☆

**Verk eftir Glass, Sjostakóvitsj og Beethoven. Flytjandi: Strokkvartettinn Siggi.**

**Norðurljós í Hörpu**

sunnudaginn 19. nóvember



**Það var stígandi í flutningnum hjá Strokkvartettinum Sigga.**

Tónleikar Strokkvartettsins Sigga í Kammermúsíkklúbbnum byrjuðu ekkert sérstaklega vel. Fyrst á dagskránni var Mishima kvartettinn eftir Philip Glass. Hann ber þetta nafn vegna þess að hann er hluti tónlistar sem Glass samdi fyrir kvikmynd Pauls Schraders um japanska rithöfundinn Yukio Mishima. Kvikmyndin nefnist Mishima: A Life in Four Chapters og er frá árinu 1985. Þetta er viðkvæm tónlist sem samanstendur af áleitnum endurtekningum stuttra hendinga, en inn í vefinn fléttast hrífandi laglínur. Eins og oft er um tónlist Glass gerist ekki mikið í henni, hún skapar stemningu frekar en að segja sögu, sem hentar prýðilega þegar um kvikmynd er að ræða.

Kvartettinn var ekki ásættanlega útfærður af fjórmenningunum, fiðluleikurunum Unu Sveinbjarnardóttur og Helgu Þóru Björgvinsdóttur, víóluleikaranum Þórunni Ósk Marinósdóttur og sellóleikaranum Sigurði Bjarka Gunnarssyni. Tónlistin var óskýr og laglínurnar voru alltof passífar; þær nutu sín engan veginn. Nokkrir bagalegir hnökrar skemmdu líka heildarsvipinn og útkoman var hvorki fugl né fiskur. Þetta eru vondu fréttirnar. Þær góðu eru að restin af dagskránni var hin ágætasta. Sjöundi kvartettinn eftir Sjostakóvitsj hefði að vísu mátt vera dramatískari og gæddur meiri andstæðum, hann var dálítið varfærnislegur á tónleikunum. Hins vegar var hann ágætlega leikinn tæknilega, samspilið var tært, laglínurnar fágaðar, framvindan samkvæmt bókinni. Langbest á tónleikunum var stóra verkið, eitt af þeim síðustu eftir Beethoven, kvartettinn í cís-moll op. 131. Þetta er margbrotin tónlist, full af skáldskap. Heyrn Beethovens byrjaði að dala fyrir þrítugt, og hann var orðinn heyrnarlaus þegar hann samdi mörg mögnuðustu verk sín, eins og t.d. níundu sinfóníuna. Eins og gefur að skilja var heyrnarleysið gríðarlegt áfall, og olli miklum innri átökum sem gegnsýrði verk tónskáldsins.

Venjulega er þessu skipt í þrjú tímabil. Hið fyrsta var áður en heyrnarleysið gerði vart við sig, og allt gekk eins og best var á kosið í lífi Beethovens. Á öðru tímabilinu snerist tónsköpun hans um heyrnarleysið og örlögin, náttúruna, vilja Guðs, manninn og alheiminn. En í verkum þriðja tímabilsins er að finna uppgjör, nýja lífssýn og sátt, sem þó er þrungin trega. Umræddur kvartett tilheyrir þessu tímabili; þar eru átök, en niðurstaðan er ýmist friðsæl eða fagnandi, þótt sorgin sé aldrei langt undan.

Siggi kom þessu fallega til skila. Tæknilegar hliðar voru langoftast góðar, leikurinn var upphafinn og tilfinningaþrunginn, laglínurnar fagurlega mótaðar, flæðandi og ljóðrænar. Það var stígandi í flutningnum sem var áhrifamikil og fyllilega í anda Beethovens. Hún hafði þau áhrif að mann langaði strax til að hlusta á verkið aftur – sem er óneitanlega til marks um sannfærandi túlkun. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Nokkuð misjafnir tónleikar, langbestur var einn af síðustu kvartettum Beethovens.



# SVARTUR FÖSTUDAGUR

*FYLGIST MEÐ ALLA VIKUNA !!!*



KR. 139.900,-

**SAMSUNG**
**Tvöfaldur Kæliskápur**
RS7547BHCSP
Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél.
Verð áður: 199.900,-




55"
KR. 119.900,-

49"
KR. 109.900,-

**UE55KU6175U**
**Verð áður: kr. 149.900.-**
**UE49KU6175U Verð áður: kr. 129.900.-**
Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Beint • Upplausn skjás: 3840 x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1300 PQI (Picture Quality Index)




55"
KR. 219.900,-

**55" UltraHD Premium / UE55MU9005TX**
10 bit • Premium UHD sjónvarp • HDR 1000
Upplausn 3840*2160 • Motion rate 200 PQI 2700
**Verð áður 289.900. verð nú 219.900.-**




65"
KR. 359.900,-

**QLED 65" / QE65Q7CAM**
Gerð QLED • UHD • 10 Bit • PQI 3200 • QHDR 1500
**Verð áður 459.900 og nú 359.900.-**

## FULL BÚÐ AF ÖÐRUM SVÖRTUM TILBOÐUM:

**KÆLISKÁPAR, UPPÞVOTTAVÉLAR, BÖKUNAROFNAR, ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR, HELLUBORÐ, FRYSTISKÁPAR OG SJÓNVÖRP.**

**SAMSUNG**
**SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

samsungsetrid.is







# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 22. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar með tónlist við ljóð Halldórs Laxness og Bobs Dylan
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari koma fram á tónleikum í Norræna húsinu í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni. Kvöldið er helgað samtímatónlist og tveimur nóbelsskáldum, þeim Halldóri Laxness og Bob Dylan. Frumflutt verða sönglög sem Eiríkur Árni Sigtryggsson samdi við ljóð Laxness árið 2014, og ljóðaflokkurinn „Mr. Tambourine Man“ við ljóð Bobs Dylan var saminn af John Corigliano árið 2000.

**Hvað?** Fersteinn – útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Fersteinn heldur útgáfutónleika í Mengi í tilefni splunkunýrrar plötu sinnar, Lárviður. Ferstein skipa Guðmundur Steinn Gunnarsson, Bára Sigurjónsdóttir, Lárus Halldór Grímsson og Páll Ivan frá Eiðum. Miðaverð er 2.000 krónur. Hægt er að panta miða í gegnum booking@mengi.net eða kaupa miða við innganginn.

**Hvað?** Blúsvinir Díönu & sagan hennar Rósu; Kæra nafna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Blúsvinir Díönu og Guðrún Ásmundsdóttir leikkona skiptast á að spila kraftmikinn blús og segja sögur um Rósu Ólöfu Ólafíudóttur, jafnframt því sem hún kynnir nýja bók sína, Kæra nafna.

**Hvað?** John Abercrombie Tribute á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans mun kvartettinn John Abercrombie Tribute koma fram. Kvartettinn leikur tónlist eftir gítarleikarann John Abercrombie sem lést í lok ágúst á þessu ári.

**Hvað?** Tónleikar – Peter Maté og Eugen Prochác
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Eugen Prochác, sellóleikari frá Bratislava, og Peter Máté flytja öll þau verk fyrir selló og píanó sem austurríska tónskáldið Johann Nepomuk Hummel hefur samið.



Bergur Ebbi og félagi hans, Snorri Helgason, taka upp þátt af hlaðvarpinu vinsæla, Fílalag, á Húrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Viðburðir

**Hvað?** Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld.
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Húnabúð, Skeifunni
Sagnfræðingurinn dr. Vilhelm Vilhelmsson fjallar um nýja bók sína í Húnabúð/Skeifunni 11 kl. 17. Bókin heitir Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld.

**Hvað?** Fílalag LIVE
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hlaðvarpsþátturinn vinsæli Fílalag verður tekinn upp á sviði Húrra.

**Hvað?** Bókakaffi | Jón Gnarr ræðir Þúsund kossa og ævisögur sínar við Árna Matthíasson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Á bókakaffi í nóvember sækir Jón Gnarr Gerðuberg heim með Þúsund kossa í farteskinu, en svo heitir ný bók Jóns og eiginkonu hans, Jógu. Þúsund kossar er persónuleg bók með myndum úr einkasafni Jóns og Jógu. Jón rabbar við Árna Matthíasson blaðamann um bækur sínar, sjálfsævisögur og skáldævisögur, um indjána, sjóræningja og útlaga, en þrjú bindi ævisögu Jóns bera sömu nöfn.

**Hvað?** Er business í bjórframleiðslu?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á síðustu árum hafa Íslendingar eignast bruggmeistara í auknum mæli, sérhæft sig í bruggframleiðslu og sölu. Til að skyggnast inn í þennan heim og þeirra tækifæra sem bíða höfum við fengið til okkar Berg Gunnarsson frá MALBYGG Brugghúsi, Þóreyju Björk Halldórsdóttur og Ragnheiði Axel frá Lady Brewery og Hinrik Carl Ellertsson frá KEX Brewing. Þetta verður notaleg stund með léttu spjalli (í bakherberginu á KEX Hosteli). Að sjálfsögðu verður gestum boðið að smakka afrakstur bruggmeistaranna.



Kristín Ómarsdóttir rithöfundur les ljóð ásamt fleirum á BarAnanas. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Tónheilun / Soundjourney
**Hvenær?** 19.45
**Hvar?** Lundur, Kópavogi

**Hvað?** Bláa Hawaii
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** BarAnanas, Klapparstíg
Ljóðaupplestur. Fram koma Ásta Fanney Sigurðardóttir, Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Brynjar Jóhannesson, Eiríkur Örn Norðdahl, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Haukur Ingvarsson, Kristín Ómarsdóttir og Lommi.






# BÆKUR Á BETRA VERÐI!




TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð: 6.999.-

**Sakramentið**




TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.999.-

**Ekki gleyma mér**




TILBOÐSVERÐ: 5.499.-
Verð: 7.499.-

**Claessen**




TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð: 5.499.-

**Lífið í lit**




TILBOÐSVERÐ: 4.699.-
Verð: 6.499.-

**Fjallið sem yppti öxlum**




TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð: 6.999.-

**Skuggarnir**




**Elín, ýmislegt**
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 6.499.-




**Er ekki allt í lagi með þig?**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.899.-




**Litla vínbókin**
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 3.499.-




**Sönglögin okkar**
TILBOÐSVERÐ: 4.599.-
Verð áður: 5.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 23. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




**ÍSSKÁPASTRÍÐ**
KL. 20:00
Eva Laufey og Gummi Ben. fá til sín góða gesti í fjörugasta matreiðsluþátt landsins og eins og fyrri daginn eru það matreiðslusnillingarnir Hrefna Sætran og Siggi Hall sem sjá um dómgæsluna.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:30
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



**GREY´S ANATOMY**
KL. 20:40
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**WENTWORTH**
KL. 21:25
Það er ekki tekið út með sældinni að dúsa í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu. Ögrandi sería um útsmognu glæpakvendin í Wentworth-fangelsinu.



**NASHVILLE**
KL. 22:20
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**THE GOOD LIE**
KL. 22:00
Reese Witherspoon leikur hér félagsráðgjafann Carrie sem hjálpar súdönskum flóttamönnum að koma undir sig fótunum og hefja nýtt líf í Bandaríkjunum.



**FLASH**
KL. 20:55
Hörkuspennandi þættir um ævintýri vísindamannsins Barry Allen sem er í raun ofurhetja en kraftar hans felast í að geta ferðast um á ótrúlegum hraða.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.**
**365.is**


## STÖÐ 2

**05.05** **Ellen**
**05.45** **The Middle**
**06.10** **Friends**
**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.20** **Blíða og Blær**
**07.45** **The Middle**
**08.10** **Mindy Project**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.20** **My Dream Home**
**11.05** **Undateable**
**11.25** **Logi**
**12.10** **Eldhúsið hans Eyþórs**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Á uppleið**
**13.25** **Grantchester**
**14.15** **The Night Shift**
**15.00** **Major Crimes**
**15.45** **Anger Management**
**16.05** **Nettir Kettir**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum.
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Fréttayfirlit og veður**
**19.15** **Sportpakkinn**
**19.25** **Víkingalottó**
**19.30** **Jamie's 15 Minute Meals**
**19.55** **Ísskápastríð** Önnur syrpa þessara skemmtilegu matreiðsluþátta í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben. Í hverjum þætti fá þáttastjórnendur til sín keppendur sem þeir skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þeir að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni sem þeir þurfa að vinna úr innan ákveðins tímaramma til að töfra fram girnilega rétti.
**20.35** **Grey's Anatomy**
**21.25** **Wentworth**
**22.15** **Nashville**
**23.00** **Crashing**
**23.35** **NCIS**
**01.10** **The Blacklist**
**01.55** **Vice Special Report: A World in Disarray**
**03.15** **The Mysteries of Laura**
**04.00** **Married**
**04.25** **Cymbeline**

## STÖÐ 2 SPORT

**06.55** **Meistaradeildarmörkin**
**07.25** **Monaco - Leipzig**
**09.05** **B. Dortmund - Tottenham**
**10.45** **Gary Neville's Soccerbox**
**11.10** **Premier League World**
**11.40** **Premier League Review**
**12.35** **Þýsku mörkin**
**13.05** **Manchester City - Feyenoord**
**14.45** **Sevilla - Liverpool**
**16.25** **Meistaradeildarmörkin**
**16.55** **Qarabag - Chelsea**
**19.15** **Meistaradeildarmessan**
**21.45** **Meistaradeildarmörkin**
**22.15** **PSG - Celtic**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50** **Domino's körfuboltakvöld**
**09.10** **Arsenal - Tottenham**
**10.55** **Manchester United - Newcastle**
**12.40** **Messan**
**13.55** **Minnesota Vikings - Los Angeles Rams**
**16.25** **Oakland Raiders - New England Patriots**
**18.50** **Evrópudeildarmörkin**
**19.40** **Basel - Manchester United**
**21.45** **Juventus - Barcelona**
**23.35** **Qarabag - Chelsea**

## STÖÐ 3

**17.30** **Gilmore Girls**
**18.15** **The New Girl**
**18.40** **Fresh off the Boat**
**19.05** **Modern Family**
**19.30** **Seinfeld**
**19.55** **Friends**
**20.20** **Stelpurnar**
**20.45** **Flash**
**21.30** **Cold Case**
**22.15** **Killer Women with Piers Morgan**
**23.05** **Næturvaktin**
**23.35** **Gotham**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** **Svampur Sveins**
**07.49** **Lalli**
**07.55** **Rasmus Klumpur**
**08.00** **Strumparnir**
**08.25** **Ævintýraferðin**
**08.37** **Hvellur keppnisbíll**
**08.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00** **K3**
**09.13** **Víkingurinn Viggó**
**09.27** **Tindur**
**09.38** **Mæja býfluga**
**09.50** **Elías**
**10.00** **Doddi litli og Eyrnastór**
**10.13** **Dóra könnuður**
**10.37** **Mörgæsirnar**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveins**
**11.49** **Lalli**
**11.55** **Rasmus Klumpur**
**12.00** **Strumparnir**
**12.25** **Ævintýraferðin**
**12.37** **Hvellur keppnisbíll**
**12.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00** **K3**
**13.11** **Víkingurinn Viggó**
**13.25** **Tindur**
**13.36** **Mæja býfluga**
**13.48** **Elías**
**14.00** **Doddi litli og Eyrnastór**
**14.13** **Dóra könnuður**
**14.37** **Mörgæsirnar**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveins**
**15.49** **Lalli**
**15.55** **Rasmus Klumpur**
**16.00** **Strumparnir**
**16.25** **Ævintýraferðin**
**16.37** **Hvellur keppnisbíll**
**16.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00** **K3**
**17.11** **Víkingurinn Viggó**
**17.25** **Tindur**
**17.36** **Mæja býfluga**
**17.48** **Elías**
**18.00** **Doddi litli og Eyrnastór**
**18.13** **Dóra könnuður**
**18.37** **Mörgæsirnar**
**19.00** **Artúr 3**



**Mörgæsirnar kl. 10.37, 14.37 og 18.37**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Golfing World**
**08.50** **The RSM Classic**
**12.00** **PGA Highlights**
**12.55** **CME Group Tour Championship**
**15.05** **Golfing World**
**15.55** **CME Group Tour Championship**
**17.55** **CME Group Tour Championship**
**19.40** **Golfing World**
**20.30** **CME Group Tour Championship**
**23.45** **Golfing World**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.50** **As Good as It Gets**
**12.10** **Jem and the Holograms**
**14.05** **How to Be Single**
**15.55** **As Good as It Gets** Jack Nicholson og Helen Hunt fengu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessari frábæru gamanmynd. Aðalpersónan er kuldalegur og með eindæmum sérvitur náungi sem forðast náin samskipti við annað fólk. Örlögin haga því hins vegar þannig að hann tengist smám saman gengilbeinu á veitingahúsi og homma í næstu íbúð sterkum böndum.
**18.15** **Jem and the Holograms**
**20.10** **How to Be Single**
**22.00** **The Good Lie** Reese Witherspoon leikur hér félagsráðgjafann Carrie sem hjálpar súdönskum flóttamönnum að koma undir sig fótunum og hefja nýtt líf í Bandaríkjunum. Upphaflega er hjálp hennar bara tengd starfi hennar en fljótlega fer hún að tengjast þeim og kynnist þá átakanlegri sögu þeirra sem höfðu misst allt sitt áður en þeir komust til fyrirheitna landsins.
**23.50** **Unfinished Business**
**03.20** **The Good Lie**

## RÚV

**17.20** **Neytendavaktin**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Vinabær Danna tígurs**
**18.12** **Klaufabárðarnir**
**18.19** **Sanjay og Craig**
**18.45** **Lautarferð með köku**
**18.50** **Krakkafréttir**
**18.54** **Víkinglotto**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.40** **Kastljós og Menningin**
**20.05** **Tungumál framtíðarinnar**
**20.35** **Kiljan**
**21.15** **Castle**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Leitin að ást í netheimum**
**23.15** **Kveikur**
**23.55** **Kastljós og Menningin**
**00.15** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **The Tonight Show**
**09.45** **The Late Late Show**
**10.25** **Síminn + Spotify**
**13.15** **Dr. Phil**
**13.55** **Will & Grace**
**14.20** **Ilmurinn úr eldhúsinu**
**14.55** **America's Funniest Home Videos**
**15.15** **The Biggest Loser - Ísland**
**16.15** **Everybody Loves Raymond**
**16.40** **King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **The Late Late Show**
**19.45** **Life in Pieces**
**20.10** **Survivor**
**21.00** **Wisdom of the Crowd**
**21.50** **Law & Order True Crime: The Menendez Murders**
**22.35** **Better Things**
**23.05** **The Tonight Show**
**23.45** **The Late Late Show**
**01.10** **How to Get Away with Murder**
**01.55** **APB**
**02.40** **Imposters**
**03.25** **Nurse Jackie**
**03.55** **Wisdom of the Crowd**
**04.40** **Law & Order True Crime: The Menendez Murders**
**05.25** **Better Things**
**05.55** **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# TVEIR GÓÐIR DÍLAR

## HVOR HENTAR ÞÉR?




AÐEINS
22 ÞÚS
Á MÁNUÐI*

GÓÐUR BÍLL
FRÁBÆR DÍLL

VERÐ KR.
**1.590** ÞÚS.

**KAUPAUKI**
AÐ VERÐMÆTI
**200.000**

- √ NÝJAR 14" ÁLFELGUR
- √ NÝ VETRARDEKK
- √ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

## TOYOTA YARIS **2016**

**EKNIR 42-56 ÞÚS**




AÐEINS
24 ÞÚS
Á MÁNUÐI*

GÓÐUR BÍLL
FRÁBÆR DÍLL

VERÐ KR.
**1.890** ÞÚS.

**KAUPAUKI**
AÐ VERÐMÆTI
**250.000**

- √ NÝJAR 15" ÁLFELGUR (svart/silfraðar)
- √ NÝ VETRARDEKK
- √ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

## TOYOTA YARIS **2017**

**EKNIR 25-30 ÞÚS**

### **Komið** og reynsluakið

- √ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð***
- √ Allt að 100% lánamöguleiki****
- √ Til í ýmsum litum
- √ Handfrjáls búnaður (bluetooth)
- √ Góð endursala
- √ Tökum bíla uppí
- √ Allir bílar með USB og AUX

Búnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn sölubílum - Takmarkað magn

* Miðað við 20% útborgun í 84 mánuði - Yaris 1,0 bensín, beinskiptur - Kynntu þér lánamöguleika hjá sölumönnum okkar

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

# FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ







Purelife Kísill
HREIN SILICA FYRIR HÚÐ HÁR OG NEGLUR
MAMMAVEITBEST.IS




Sindri Sindrason þáttastjórnandi gerist gestakennari í Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fósturbörn hluti af kennsluefni í HÍ á næstu önn

Þættirnir Fósturbörn undir stjórn Sindra Sindrasonar hafa vakið mikla athygli, svo mikla að félagsráðgjafardeild HÍ hefur óskað eftir að þættirnir verði hluti af kennsluefni deildarinnar á næstu önn.

Ég ákvað árið 2011 þegar ég fór í gegnum kerfið sjálfur að gera þætti um fósturkerfið á Íslandi. Þarna kynntist ég algjörlega földum heimi sem mjög lítið hafði verið fjallað um enda hefur það komið flestum á óvart að á Íslandi séu yfir fjögur hundruð börn í fóstri og fer fjölgandi,“ segir Sindri Sindrason, umsjónarmaður þáttanna Fósturbarna sem sýndir hafa verið á Stöð 2 í vetur. Síðasti þátturinn fór í loftið í gær og hafa viðtökur við þáttunum verið gríðarlega góðar. „Ég hef aldrei fengið eins sterk viðbrögð við neinum þætti,“ segir Sindri en áskriftarsalan tók kipp og var áhorfið eftir því. „Enda held ég að málefnið snerti við fólki,“ segir Sindri.

**MÉR FINNST ÞAÐ VERA MIKILL HEIÐUR AÐ HÁSKÓLI ÍSLANDS VILJI NOTA EFNIÐ.**

### Tók viðtöl við fjörutíu manns en sýndi aðeins helminginn

Sindri hefur unnið að þáttunum í rúmt ár ásamt Fannari Scheving Edwardssyni klippara. Rætt var við yfir fjörutíu manns á tímabilinu en þeir gátu ekki komið öllum viðmælendum sínum að. „Nei, því miður, aðeins helmingnum. Við Fannar vildum sýna allar hliðar fósturkerfisins en þar sem þættirnir voru aðeins sjö urðum við að velja og hafna,“ segir Sindri sem útilokar ekki að framhald verði á seríunni. „Það var ekki ljóst í byrjun að við myndum ná sjö þáttum enda ekki sjálfsagt að fá fólk til að viðurkenna að það hafi ekki alveg staðið sig í foreldrahlutverkinu. Þá var heldur ekki sjálfsagt að fá fósturbörn til að tjá sig enda segjast þau mörg hver finna fyrir fordómum. En þetta tókst og vona ég að fólk hafi aðra mynd af fósturkerfinu í dag.“

### Þættirnir verða hluti af kennsluefni HÍ

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands hefur óskað eftir því að þættirnir verði hluti af kennsluefni á næstu önn og verður Sindri gestakennari. „Ég verð reyndar sjálfur aðeins í síðasta tíma námskeiðsins en mér finnst það vera mikill heiður að Háskóli Íslands vilji nota efnið,“ segir Sindri og bætir við að til standi að stofna félag fósturbarna á Íslandi. „Ég er ánægður með að efnið hafi vakið fólk til umhugsunar, umræðan sé opnari og ég er mjög þakklátur öllum þeim sem komu að þáttunum,“ segir Sindri að lokum.

gudnyhronn@365.is


## Aðalfundur
**Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins 2017**

**Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins verður haldinn í golfskála félagsins miðvikudaginn 29. nóvember kl. 19.30.**

NESS

### Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara
3. Lögð fram skýrsla formanns
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur um breytingar á lögum félagsins ef um er að ræða.
7. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
8. Ákveðið árgjald félaga fyrir næsta starfsár.
9. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðenda reikninga skv. 9. gr. laga.
10. Önnur mál.

**Lagabreytingar:** Fyrir liggur tillaga stjórnar klúbbsins um breytingu á 9. og 14. grein laga félagsins. Tillagan liggur frammi til kynningar á heimasíðu klúbbsins: nkgolf.is og á skrifstofu framkvæmdastjóra í golfskálanum.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT




## Lagið
Bergljót Arnalds söng- og leikkona

**Uppáhaldslagið þessa stundina?**
Mi Amor með Stacey Kent. Það er svona létt og þægilegt. Við mæðgur njótum þess að dansa við þetta lag á milli þess sem við eldum kvöldmatinn. Stacey er með þessa þægilegu rödd sem öllum líkar við og svo sakar titillinn heldur ekki, „Mi Amor“.

**Límheilalagið?**
Ég er mest að hlusta á eigin tónlist þessa dagana og þróa hana áfram. Þannig að mín tónlist er límheilatónlistin mín þessa stundina. Ég er nýbúin að gefa út fyrsta sólódiskinn minn, „Heart Beat“, og halda tónleika í Listasafni Einars Jónssonar. Það var alveg geggjað að standa við styttuna ‚Úr álögum‘ og fá að flytja þar bæn álfkonunnar Tamínu ásamt fleiri lögum.

**Besta lag allra tíma?**
Ég get ekki nefnt eitt besta lag í heimi, þau eru svo mörg góð. Það væri kannski hægt að segja að Billie Jean sé besta danslagið einn daginn, Heyr himna smiður flottasti sálmurinn þegar kemur að röddunum, þriðja sinfónía Brahms besta sinfónían og svo framvegis. Þetta er allt spurning um smekk og hvernig manni líður þá stundina. Sumir vilja meina að besta lagið á minni plötu sé Fiðrildavængir sem ég samdi handa ömmu minni, aðrir The Elves Prayer og svo enn aðrir Hurricane. Ég ætla bara að skilja það eftir opið fyrir hlustendur að velja hvað þeim þykir best.



PiparTBWA \ SÍA

# Í BLÍÐU OG STRÍÐU ÞAR TIL HEILSAN AÐSKILUR OKKUR

## OKKAR SJÓÐIR GETA KOMIÐ Í VEG FYRIR SKILNAÐ

Það á enginn að þurfa að búa fjarri maka sínum á efri árum jafnvel þó annar aðilinn þurfi umönnun en hinn ekki. Engu að síður er það veruleiki margra eldri hjóna á Íslandi. Þrátt fyrir að lífeyrissjóðum hafi verið heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði síðan 2011 hefur enn enginn sjóður fjárfest í húsnæði fyrir aldraða. Ávallt er borið við kröfu um ávöxtun lífeyrissjóðsiðgjalda. Staðreyndin er að ekki þyrfti nema brot af vaxtatekjum þeirra í þetta verkefni. Fasteignir eru góð fjárfesting með mikla arðsemi. En mikilvægasta arðsemi lífeyrissjóðs ætti að vera sú að sjóðfélagar búi við öryggi á ævikvöldinu.

Við skorum á lífeyrissjóðina að fjárfesta í byggingu mannsæmandi húsnæðis fyrir aldraða sem uppfyllir sanngjarnar kröfur um þægindi og einkalíf.

*Helgi Vilhjálmsson, íslenskur ríkisborgari*

Skrifaðu undir áskorun til lífeyrissjóða landsins á **okkarsjodir.is.**



BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni



Midea
It's your Idea



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is





**Hljómsveitin Sykur snýr aftur og má alveg búast við einhverjum tryllingi.** MYND/DÝRFINNA BENITA

# Út með smáatriði og inn með pönkið

Hljómsveitin Sykur býr sig nú undir að gefa út sína fyrstu plötu síðan árið 2011. Þau hafa meira verið í því að spila erlendis síðustu ár en munu bæta úr því og halda stórtónleika hér á landi í desember.

Tilefnið er það að við erum búin að vera á fullu að semja nýja tónlist síðustu mánuði og langar að spila lögin fyrir okkar fólk á Íslandi sem fyrst. Það er löngu kominn tími á almennilegt Sykurpartí, en við höfum verið fremur hljóð að undanförnu og við höfum mest verið að spila utan landsteinanna. Við söknum þess að spila fyrir íslenska aðdáendur okkar," segir Halldór Eldjárn úr hljómsveitinni Sykri, en Sykur snýr nú loksins aftur með nýtt efni í pokahorninu og tónleika handan við hornið, en sveitin hyggst spila á skemmtistaðnum Húrra þann 16. desember.

Nú er orðið nokkuð langt síðan að þið gáfuð síðast út plötu – hver er ástæðan fyrir því og hvers vegna er verið að ráðast í þetta akkúrat núna? „Ástæðurnar eru margar, við höfum verið að einbeita okkur að námi og vinnu en líka verið mikið bara í stúdíóinu að prófa alls konar nýtt, sem er tímafrekur en spennandi prósess. En við teljum okkur núna vera búin að finna ákveðinn tón sem okkur langar að taka miklu lengra. Það er svo algengt að hanga á verkefnum, sérstaklega ef þau tengjast listsköpun. Við tókum þá ákvörðun að senda frá okkur það efni sem við höfum verið að semja í stað þess að liggja yfir því mánuðum saman. Þannig er þetta partí til að fagna nýrri stefnu, nýju verkferli. Út með smáatriði og inn með pönkið."

**VIÐ HÖFUM VERIÐ AÐ EINBEITA OKKUR AÐ NÁMI OG VINNU EN LÍKA VERIÐ MIKIÐ BARA Í STÚDÍÓINU AÐ PRÓFA ALLS KONAR NÝTT, SEM ER TÍMAFREKUR EN SPENNANDI PRÓSESS.**

*Þessi plata – er þetta „vintage" Sykur eða er verið að smíða eitthvað algjörlega nýtt?* „Bara alls konar! Við fáum áhrif úr öllu umhverfinu. Nýtt trap og gamalt barokk, þetta hefur allt áhrif. Svo er spurning hvað af því síast inn. Auðvitað er alltaf Sykurkeimur af því, sem fylgir okkar hóp. Sum lögin eru kannski svipuð og fyrsta platan okkar, Frábært eða frábært, en svo eru líka lög sem eru eitthvað alveg nýtt. Við byrjum venjulega á að semja grunna, án söngs, og svo semur Agnes söng og texta yfir og þegar hún kemst á skrið eiga lögin til að teygjast út fyrir upphaflegu hugmyndina, sem er mjög skemmtilegur prósess og maður veit aldrei alveg hvar hann endar eða hvert hann leiðir okkur!"

Tónleikar í desember – má tala um þetta sem jólatónleika? Það virðast allir vera að detta inn á jólatónleikamarkaðinn núna í miðju góðærinu.

„Það verður Jesús og það verður prestur og engill og svo ætla bæði Bó og Bónó að koma og blessa tónleikagesti með vígðu vatni. Jólakötturinn má bara skammast sín því enginn á að skipta sér af því í hverju þið mætið."

*Ný plata – þýðir þetta ekki sturlaða tónleikakeyrslu allt næsta ár?* „Jú! Það eru klárlega fleiri Sykurtónleikar hérlendis í vændum. Við höfum aðallega verið að spila á tónleikum í útlöndum upp á síðkastið en verðum duglegri við að spila hérlendis. Hæ Ísland, hvað segiði?"

Tónleikar Sykurs fara, eins og fyrr segir, fram á Húrra þann 16. desember og hægt er að næla sér í miða á tix.is. Um upphitun sér söngkonan GDRN en hún hefur verið að gera allt vitlaust upp á síðkastið.

**stefanthor@frettabladid.is**

# Meira eins og Victoria's Secret-sýning

Arna Ýr Jónsdóttir er fulltrúi Íslands í Miss Universe. Um helgina tók Arna þátt í sýningunni National Costume Competition þar sem allir keppendur sýndu „þjóðbúning" síns lands. Búningurinn sem Arna klæddist hefur vakið mikla athygli enda á hann ekkert skylt við hefðbundinn íslenskan þjóðbúning.

Oddný Kristjánsdóttir, klæðskeri og sérfræðingur í íslenska þjóðbúningnum, sér ekki neina vísun í íslenska þjóðbúninginn í búningi Örnu. En hún segir greinilegt víkingaþema vera í búningnum og augljóst að Arna eigi að minna á „sterka bardagakonu". Eftir að hafa skoðað búninga annarra keppenda segir hún sýninguna frekar minna á Victoria's Secret-sýningu heldur en þjóðbúningasýningu.



**Búningur Örnu hefur vakið mikla athygli.** MYND/SKJÁSKOT

Nokkrir keppendur klæddust þó búningum sem eru í hefðbundnum stíl. Spurð út í hvort hún hefði viljað sjá Örnu í klassískum þjóðbúning, með upphlut og öllu tilheyrandi, á sýningunni segir Oddný íslenska þjóðbúninginn kannski ekki hafa átt heima inn á milli bikiníklæddra keppenda. **– gha**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Haukadalur. — Sími 519 6000. Geysir.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Kristínar Ólafsdóttur




## Ofsakuldi, tempraður

Í samræðum við leigubílstjóra og móttökustarfsmenn hótela víðsvegar um veröldina hef ég oft fullyrt að það verði „alls ekki eins kalt á Íslandi og maður myndi halda“. Þessar samræður hef ég nær alltaf átt að sumri til í heitum löndum, þegar íslenskur vetur er bara óræður vísir að minningu úr fjarlægri fortíð, og ég kannski á leiðinni í skemmtigöngu í hlýrri golu með svalandi ispinna í handtöskunni.

„Það er sko *tempråð* loftslag á Íslandi,“ segi ég við útlendingana og maka á mig sólarolíu og höfuðið á mér hringsnýst í svo heiftarlegri D-vítamínvímu að ég er farin að segja orð eins og *tempráð*. „Það verður alveg svolítið kalt, en ekki svona *öfgakalt* eins og til dæmis í New York eða eitthvað, skilurðu.“

En nú er nóvember og ég er stödd í Reykjavík. Það er vetur, ég er með varaþurrk á lokastigi og það er sko mjög kalt. Alveg *öfgakalt*. Rokið nístir mig þráfaldlega inn að beini, eins og öll árin á undan, og ég man að það er vissulega ástæða fyrir því að önnur hver verslun í miðbænum selur lítil tröll með víkingahjálma en fyrst og fremst dúnúlpur.

Ég held að þetta sé hreinlega þjóðernishyggja, þessi viðleitni til að uppræta hugmyndina um Ísland sem gaddfreðna eyðitúndru. „Nei, sko, þú ert að hugsa um Grænland. Það er næs á Íslandi.“

Fjarlægðin gerir fjöllin nefnilega blá, segja sumir, en svo kemur nóvember og fjöllin breiða úr sér rétt fyrir utan svefnherbergisgluggann. Og ef maður rýnir staðfastlega í gegnum haglélshrinurnar og mengunarslikjuna við sjóndeildarhringinn sér maður að þau eru hvít.











*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS